

ÁKVÖRÐUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS nr. 1692/96/EB

frá 23. júlí 1996

um viðmiðunarreglur bandalagsins við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins(*)

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS
HAGA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum
fyrstu málsgrein 129. gr. d,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar ⁽³⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. b í
sáttmálanum ⁽⁴⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með stofnun og uppbyggingu samevrópskra neta og flutningakerfa er stuðlað að nokkrum helstu markmiðum bandalagsins, t.d. snurðulausri starfsemi innra markaðarins og eflingu efnahagslegrar og félagslegrar samheldni.
- 2) Stofnun og uppbygging samevrópskra flutningakerfa um allt yfirráðasvæði bandalagsins hefur einnig þau sérstæku markmið að tryggja fólki og vörum varanlegan hreyfanleika við bestu hugsanleg samfélags-, umhverfis- og öryggisskilyrði og að samþætta alla flutningsmáta að teknu tilliti til kosta þeirra hvers í samanburði við annan. Samevrópska flutningakerfið mun meðal annars geta stuðlað að fjölgun starfa.
- 3) Í hvítbók framkvæmdastjórnarinnar um þróun sameiginlegrar stefnu í flutningamálum er mælt til þess að núverandi afkastageta sé nýtt sem best og að flutningakerfi af öllu tagi séu sameinuð í samevrópskt flutningakerfi fyrir farþega- og vöruflutninga á vegum, járnbrautum, skipgengum vatnaleiðum, á sjó og í lofti og fyrir samsetta flutninga.

- 4) Siglingar á stuttum siglingaleiðum geta m.a. dregið úr álagi á flutningaleiðum á landi.
- 5) Samþætting flutningakerfa í Evrópu verður að gerast í áföngum með því að tengja mismunandi flutningsmáta í því skyni að nýta betur kosti þeirra hvers fyrir sig.
- 6) Til að þessum markmiðum verði náð er nauðsynlegt að bandalagið setji fram viðmiðunarreglur í samræmi við dreiffræðisregluna. Nauðsynlegt er að ákveða meginlínur og forgangsverkefni í fyrirhuguðum aðgerðum bandalagsins á sviði samevrópskra flutningakerfa.
- 7) Nauðsynlegt er að tilgreina framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni og stuðla að þessum markmiðum og samræmast forgangsverkefnum sem hafa verið ákveðin. Einungis koma til greina framkvæmdir sem geta talist vænlegar í efnahagslegu tilliti.
- 8) Aðildarríkin verða að taka tillit til umhverfisverndar þegar ráðist er í framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni með því að standa að mati á umhverfisáhrifum í samræmi við tilskipun ráðsins 85/337/EBE frá 27. júní 1985 um mat á áhrifum sem tilteknar framkvæmdir á vegum hins opinbera eða einkaaðila kunna að hafa á umhverfið ⁽⁵⁾ og með því að beita tilskipun ráðsins 92/43/EBE frá 21. maí 1992 um varðveislu náttúrulegra búsvæða og villtra dýra og gróðurs ⁽⁶⁾.
- 9) Ekki ber að veita heimild til tiltekinna framkvæmda á vegum hins opinbera eða einkaaðila sem líklegt er að hafi veruleg umhverfisáhrif fyrr en hugsanleg áhrif af því tagi hafa verið metin í samræmi við gildandi bandalagsreglur.
- 10) Nauðsynlegt er að tilgreina framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni og lúta ekki aðeins að mismunandi flutningsmátum í fjölbættum flutningum heldur einnig kerfi fyrir umferðarstjórn og upplýsingar til notenda og staðsetningar- og leiðsögukerfi.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 228, 9.9.1996, bls. 1, var nefnd í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 38/1999 frá 30. mars 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 220, 8. 8. 1994, bls. 1 og Stjtið. EB nr. C 97, 20. 4. 1995, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 397, 31. 12. 1994, bls. 23.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 210, 14. 8. 1995, bls. 34.

⁽⁴⁾ Álit Evrópuþingsins frá 18. maí 1995 (Stjtið. EB nr. C 151, 19. 6. 1995, bls. 234). Sameiginleg afstaða ráðsins frá 28. september 1995 (Stjtið. EB nr. C 331, 8. 12. 1995, bls. 1) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 13. desember 1995 (Stjtið. EB nr. C 17, 22. 1. 1996, bls. 58). Ákvörðun ráðsins frá 15. júlí 1996 og ákvörðun Evrópuþingsins frá 17. júlí 1996 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum EB).

⁽⁵⁾ Stjtið. EB nr. L 175, 5. 7. 1985, bls. 40.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB nr. L 206, 22. 7. 1992, bls. 7.

- 11) Eitt af markmiðunum með þessari ákvörðun er að tilgreina slíkar framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni. Framkvæmdirnar eru tilgreindar í I. viðauka, II. viðauka og í meginmáli þessarar ákvörðunar. Á fundi leiðtogaáráðsins í Essen taldi það fjórtán þessara framkvæmda sérstaklega mikilvægar.
- 12) Framkvæmdastjórninni ber að leggja fram skýrslu um framkvæmd þessarar ákvörðunar annað hvert ár og fimmta hvert ár skýrslu sem gefur til kynna hvort nauðsynlegt sé að endurskoða viðmiðunarreglurnar.
- 13) Setja ber á fót nefnd á vegum framkvæmdastjórnarinnar sem hafi það verkefni að vera henni til ráðuneytis við athugun á framkvæmd og þróun þessara viðmiðunarreglna.

SAMÞYKKT ÁKVÖRDUN ÞESSA:

1. ÞÁTTUR

MEGINREGLUR

1. gr.

Tilgangur

1. Tilgangur þessarar ákvörðunar er að ákveða viðmiðunarreglur sem ná til markmiða, forgangsverkefna og meginlína í fyrirhuguðum ráðstöfunum á sviði samevrópska flutningakerfisins. Í þessum viðmiðunarreglum eru tilgreindar þær framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni en með því að ráðast í þær er ætlunin að stuðla að uppbyggingu kerfisins um allt bandalagið.
2. Viðmiðunarreglurnar, sem um getur í 1. mgr., eru almennur viðmiðunarrámmi sem er til þess ætlaður að hvetja aðildarríkin og jafnframt bandalagið, þar sem það á við, til að standa að framkvæmdum sem varða sameiginlega hagsmuni í þeim tilgangi að tryggja samhengi, samtengingu og rekstrarsamhæfi samevrópska flutningakerfisins ásamt aðgangi að kerfinu. Þessar framkvæmdir eru sameiginlegt markmið og veltur framgangur þeirra á því hversu langt þau eru komin og þeim fjármunum sem eru til ráðstöfunar en þetta felur þó ekki í sér fjárskuldbindingar fyrir aðildarríkin eða bandalagið. Þessum viðmiðunarreglum er einnig ætlað að auðvelda þátttöku einkageirans.

3. Grunnkröfur varðandi:

- rekstrarsamhæfi samevrópska flutningakerfisins,
- fjarvirknibúnað í flutningum og þjónustu sem tengist honum

skulu skilgreindar í samræmi við sáttmálann og annars staðar en í þessari ákvörðun.

2. gr.

Markmið

1. Samevrópska flutningakerfinu skal komið á í áföngum fyrir árið 2010 með því að sameina kerfi grunnvirkja fyrir flutninga á landi, á sjó og í lofti um allt bandalagið í samræmi við skipulagsuppdráttina á kortunum í I. viðauka og/eða í forskriftunum í II. viðauka.
2. Standa skal þannig að flutningakerfinu að:
 - a) varanlegur hreyfanleiki sé tryggður fyrir fólk og vörur á svæði án innri landamæra við bestu hugsanleg samfélags- og öryggisskilyrði ásamt því að vinna að markmiðum bandalagsins, einkum á sviði umhverfismála og samkeppni, og stuðla að því að styrkja efnahagslega og félagslega samheldni;
 - b) notendum bjóðist afnot af grunnvirkjum af bestu gerð á viðunandi kjörum;
 - c) það nái til allra flutningsmáta að teknu tilliti til kosta þeirra hvers í samanburði við annan;
 - d) unnt sé að nýta sem best afkastagetuna sem fyrir er;
 - e) það sé, eftir því sem unnt er, rekstrarsamhæft hvers kyns flutningsmátum og stuðli að tengingu mismunandi flutningsmáta;
 - f) það sé vænlegt í efnahagslegu tilliti eftir því sem við verður komið;
 - g) það nái til alls yfirráðasvæðis aðildarríkja bandalagsins til þess að auðvelda almenndan aðgang, tengja eyjar, landlukt svæði og jaðarsvæði við meginlandsvæðin og tengja helstu þéttbýlissvæði og héruð í bandalaginu án flöskuhálsa;
 - h) unnt sé að tengja það flutningakerfum í aðildarríkjum Fríverslunarsamtaka Evrópu (EFTA), ríkjum Mið- og Austur-Evrópu og Miðjarðarhafslöndum og stuðla jafnframt að rekstrarsamhæfi og aðgangi að þessum flutningakerfum að því marki sem það þjónar hagsmunum bandalagsins.

3. gr.

Umfang flutningakerfisins

1. Til samevrópska flutningakerfisins teljast samgöngumannvirkir, kerfi fyrir umferðarstjórn og staðsetningar- og leiðsögukerfi.
2. Til samgöngumannvirkja teljast vegakerfi, járnbrautakerfi og kerfi skipengra vatnaleiða, hafnir við sjó og skipengar vatnaleiðir, flugvellir og aðrir tengipunktar.

3. Til kerfa fyrir umferðarstjórn og staðsetningar- og leiðsögukerfa telst sá tæknibúnaður og þau upplýsinga- og fjarskiptakerfi sem eru nauðsynleg til að tryggja snurðulausa starfsemi flutningakerfisins og skilvirka umferðarstjórn.

4. gr.

Meginlinur ráðstafananna

Meginlinur ráðstafana bandalagsins lúta að:

- a) gerð og endurskoðun skipulagssuppráttá af flutningakerfinu;
- b) tilgreiningu framkvæmda sem varða sameiginlega hagsmuni;
- c) aðlögun flutningakerfisins sem fyrir er;
- d) bættu rekstrarsamhæfi í flutningakerfinu;
- e) bestu mögulegu samsetningu flutningsmáta, m.a. með því að setja á stofn tengimiðstöðvar og skulu þær, þegar um vöruflutninga er að ræða, standa utan borgarkjarna eftir því sem við verður komið til þess að samþætting flutningsmáta verði árangursrik;
- f) viðleitni til að ná fram samræmi og fyllid í fjárhagsaðstoð í samræmi við reglurnar sem gilda um hverja tegund fjárskuldbindinga;
- g) rannsóknnum og þróunarstarfi;
- h) samstarfi við þriðju lönd sem uppbygging flutningakerfisins varðar og gerð heppilegra samninga við þau;
- i) aðgerðum sem hvetji aðildarríkin og alþjóðastofnanir til að vinna að markmiðum sem bandalagið hefur sett sér;
- j) eflingu samfellds samstarfs milli málsaðila;
- k) hverjum þeim ráðstöfunum öðrum sem reynast nauðsynlegar til að ná markmiðunum sem um getur í 2. gr.

5. gr.

Forgangsverkefni

Forgangsverkefnin skulu vera sem hér segir, að teknu tilliti til markmiðanna sem sett eru í 2. gr.:

- a) stofnun og uppbygging tengileiða, helstu tengistaða og tenginga sem eru nauðsynlegar til að unnt sé að losna við flöskuhálsa, ljúka við kafla sem vantar og bæta við meginleiðirnar;
- b) stofnun og uppbygging grunnvirkja fyrir aðgang að flutningakerfinu til þess að unnt sé að tengja eyjar, landlukt svæði og jaðarsvæði við meginlandsvæði bandalagsins;

- c) besta samsetning og samþætting mismunandi flutningsmáta;
- d) að taka tillit til umhverfisþátta við hönnun og uppbyggingu flutningakerfisins;
- e) að auka rekstrarsamhæfi einstakra þátta í flutningakerfinu stig af stigi;
- f) hámarksnýting á afkastagetu og skilvirkni þeirra grunnvirkja sem fyrir eru;
- g) uppsetning og endurbætur á tengipunktum og mannvirkjum fyrir samþætta flutninga;
- h) að auka öryggi og áreiðanleika flutningakerfisins;
- i) uppbygging og uppsetning kerfa fyrir umferðarstjórn og umferðareftirlit í flutningakerfinu og fyrir upplýsingar til notenda í því skyni að nýta grunnvirki sem best;
- j) rannsóknir sem stuðla að betri hönnun og betri framkvæmd í samevrópska flutningakerfinu.

6. gr.

Flutningakerfi í þriðju löndum

Ákveðið verður í hverju einstöku tilviki og í samræmi við viðeigandi málsmeðferð í sáttmálanum hvort bandalagið skuli stuðla að framkvæmdum sem varða sameiginlega hagsmuni og að samtengingu og rekstrarsamhæfi í því skyni að tryggja samhæfi flutningakerfa í þriðju löndum við samevrópska flutningakerfið.

7. gr.

Framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni

1. Í samræmi við reglur sáttmálans, einkum þær sem varða samkeppnismál, teljast varða sameiginlega hagsmuni allar þær framkvæmdir sem:

- beinast að markmiðunum sem sett eru í 2. gr.,
- varða flutningakerfið sem lýst er í 3. gr.,
- svara til eins eða fleiri af þeim forgangsverkefnum sem koma fram í 5. gr. og
- vænta má að séu vænlegar í efnahagslegu tilliti á grundvelli greiningar á félagshagfræðilegum kostnaði og ávinningi.

2. Framkvæmdirnar skulu varða einhvern þann þátt í flutningakerfinu sem lýst er í 9. til 17. gr. og skulu einkum:

- varða leiðirnar sem eru tilgreindar á kortunum í I. viðauka og/eða
- svara til forskriftanna eða viðmiðananna í II. viðauka.

3. Aðildarríkin skulu gera þær ráðstafanir sem þau álíta nauðsynlegar innan ramma meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 1. gr.

8. gr.

Umhverfisvernd

1. Við framkvæmdir og undirbúning þeirra verða aðildarríkin að taka tillit til umhverfisverndar með því að láta fara fram mat á umhverfisáhrifum framkvæmda sem varða sameiginlega hagsmuni og til stendur að ráðast í, í samræmi við tilskipun 85/337/EBE og með beitingu tilskipunar 92/43/EBE.

2. Framkvæmdastjórnin:

- a) mun þróa greiningaraðferðir sem henta til að leggja skipulegt mat á umhverfisáhrif flutningakerfisins í heild;
- b) mun þróa aðferðir sem henta til greiningar á stofnleiðum og skulu þær ná til allra flutningsmáta sem um ræðir með fyrirvara um skilgreiningu á stofnleiðunum sjálfum. Þegar hugtakið stofnleið er mótað ber að taka til greina að nauðsynlegt er að tengja öll aðildarríki og svæði við samevrópska flutningakerfið og einkum að tengja eyjar, landlukt svæði og jaðarsvæði við meginlandsvæðin í bandalaginu.

Framkvæmdastjórnin skal taka til greina niðurstöður þessarar vinnu, þar sem það á við, í skýrslu þeirri um viðmiðunarreglurnar sem kveðið er á um í 21. gr. í því skyni að ná markmiðunum sem sett eru í 2. gr.

2. ÞÁTTUR

VEGIR

9. gr.

Lýsing

1. Til samevrópska vegakerfisins teljast hraðbrautir og vandaðir þjóðvegir sem fyrir eru, eru nýir eða er breytt og:

- gegna mikilvægu hlutverki í langferðum eða
- sneiða hjá helstu borgarkjörnum á vegum sem eru tilgreindir í flutningakerfinu eða
- mynda tengingu við annars konar flutningsmáta eða
- tengja landlukt svæði og jaðarsvæði við meginlandsvæði í bandalaginu.

2. Með flutningakerfinu er notendum tryggð þjónusta, þægindi og öryggi á háu stigi, á einsleitann hátt og óslitið.

3. Til flutningakerfisins teljast grunnvirki fyrir umferðarstjórn og upplýsingar til notenda með virku samstarfi milli kerfa fyrir umferðarstjórn í Evrópu og í einstökum löndum og héruðum.

3. ÞÁTTUR

JÁRNBRAUTIR

10. gr.

Lýsing

1. Til járnbrautakerfisins telst háhraðajárnbrautakerfið og almenna járnbrautakerfið.

2. Til háhraðajárnbrautakerfisins teljast:

- brautir sem eru lagðar sérstaklega fyrir háhraðalestir og gerðar fyrir hraða sem er að jafnaði 250 km/klst. eða meiri með núverandi eða nýrri tækni,
- brautir sem hafa verið endurbyggðar sérstaklega fyrir háhraðalestir og eru gerðar fyrir hraða sem er u.þ.b. 200 km/klst.,
- brautir sem hafa verið endurbyggðar sérstaklega fyrir háhraðalestir og hafa sérstök einkenni vegna staðhátta, landslags eða nálægðar við þéttbýli þannig að hraðinn verður að ráðast af hverju einstöku tilviki.

Til þessa flutningakerfis teljast brautirnar sem eru merktar í I. viðauka sem háhraðabrautir eða brautir sem hafa verið endurbyggðar fyrir háhraðalestir.

3. Til almenna járnbrautakerfisins teljast brautir fyrir almenna járnbrautaflutninga, að meðtöldum þeim járnbrautarköflum fyrir samsetta flutninga sem um getur í 14. gr.

4. Flutningakerfið:

- gegnir mikilvægu hlutverki í vöru- og farþegaflutningum um langar vegalengdir,
- gegnir mikilvægu hlutverki í rekstri samsettra flutninga um langar vegalengdir,
- gerir kleift að tengjast flutningakerfum fyrir aðra flutningsmáta og nýta héraðsbundin og staðbundin járnbrautakerfi.

5. Í flutningakerfinu skulu notendum standa til boða mikil gæði og öryggi í krafti samfellu og uppbyggingar á rekstrarsamhæfi stig af stigi sem næst einkum með tæknilegri samhæfingu og samhæfðu kerfi fyrir stýringu og eftirlit.

4. ÞÁTTUR

SKIPGENGAR VATNALEIÐIR OG HAFNIR VIÐ VÖTN

11. gr.

Lýsing

1. Til samevrópska flutningakerfisins fyrir skipgengar vatnaleiðir teljast ár og skurðir ásamt ýmsum kvíslum og þverskurðum sem tengja þau saman. Það gerir einkum kleift að tengja saman iðnaðarhéruð og helstu þéttbýlissvæði og tengja þau við hafnir.

2. Lágmarkskröfur um tæknilega eiginleika skipgengra vatnaleiða, sem eru hluti af flutningakerfinu, eru þær sem gilda um vatnaleiðir í IV. flokki, en um þær geta farið skip eða prammalestir sem eru 80 til 85 m á lengd og 9,50 m á breidd. Ef vatnaleið, sem er hluti af flutningakerfinu, er endurnýjuð eða lögð frá grunni skulu tækniforskriftirnar svara að minnsta kosti til IV. flokks, gefa kost á uppfærslu í flokk Va/Vb síðar og veita fullnægjandi möguleika á ferðum skipa sem eru notuð til samsettra flutninga. Um vatnaleiðir í flokki Va geta farið skip eða prammalestir sem eru 110 m á lengd og 11,40 m á breidd og um vatnaleiðir í flokki Vb prammalestir sem eru 172 til 185 m á lengd og 11,40 m á breidd.

3. Hafnir við vötn eru hluti af flutningakerfinu, einkum sem tengipunktur milli vatnaleiðanna, sem um getur í 2. mgr., og annarra flutningsmáta.

4. Til flutningakerfisins teljast grunnvirki fyrir umferðarstjórn.

5. ÞÁTTUR

HAFNIR VIÐ SJÓ

12. gr.

Lýsing

Hafnir við sjó gera kleift að byggja upp sjóflutninga og eru tengistöðvar sjóumferðar milli lands og eyja og tengipunktur milli sjóflutninga og annarra flutningsmáta. Þar stendur flutningsaðilum til boða búnaður og þjónusta. Grunnvirki þeirra gefa kost á ýmiss konar þjónustu fyrir farþega- og vöruflutninga í bandalaginu og milli þess og þriðju landa, að meðtalinni ferjuþjónustu og þjónustu á sviði sjóflutninga um stuttar og langar vegalengdir, m.a. strandflutningum.

6. ÞÁTTUR

FLUGVELLIR

13. gr.

Lýsing

1. Til samevrópska flugvallakerfisins teljast þeir flugvellar sem standa á yfirráðasvæði bandalagsins, eru opnir flugumferð í atvinnuskyni og fullnægja þeim viðmiðunum sem settar eru í II. viðauka. Þessir flugvellar eru flokkaðir með mismunandi hætti eftir umfangi og tegund umferðarinnar sem um þá fer og eftir hlutverki þeirra í flutningakerfinu. Þeir gera kleift að byggja upp flugsambönd og að tengja saman flutninga í lofti og aðra flutningsmáta.

2. Millilandaflugvellar og bandalagsflugvellar mynda kjarnann í samevrópska flugvallakerfinu. Flug milli bandalagsins og annarra landa fer aðallega um millilandaflugvellina. Bandalagsflugvellirnir mynda fyrst og fremst tengingar innan bandalagsins en flugþjónusta til landa utan bandalagsins er enn lítill hluti af viðskiptum þeirra. Héraðsflugvellar og tengiflugvellar auðvelda aðgang að kjarna kerfisins eða draga úr einangrun jaðarsvæða og afskekktara svæða.

7. ÞÁTTUR

SAMSETTIR FLUTNINGAR

14. gr.

Lýsing

1. Til samevrópska kerfisins fyrir samsetta flutninga teljast:
 - járnbrautir og skipgengar vatnaleiðir sem henta til samsettra flutninga og skipaleiðir sem gera það kleift, eftir atvikum með tengiflutningum á vegum í upphafi og/eða við lok ferðar, að flytja vörur um langar vegalengdir;
 - mannvirki sem gera kleift að umskipa vörum milli járnbrauta, skipgengra vatnaleiða, skipaleiða og vega;
 - hentug járnbrautarfarartæki til bráðabirgða þar sem þörf er á slíku þar eð grunnvirki hafa ekki verið aðlöguð enn þá.

8. ÞÁTTUR

**STJÓRN- OG UPPLÝSINGAKERFI FYRIR
SKIPAUMFERÐ**

15. gr.

Lýsing

Samevrópska stjórn- og upplýsingakerfið fyrir skipaumferð varðar:

- stjórnkerfi fyrir skipaumferð við strendur og í höfn,
- staðsetningakerfi fyrir skip,
- tilkynningakerfi fyrir skip sem flytja hættulegar eða mengandi vörur,
- fjarskiptakerfi fyrir skip í háska og fyrir öryggi á hafi úti,

með það að markmiði að tryggja öryggi og skilvirkni í sjóflutningum og umhverfisvernd sem best á hafsvæðum sem tilheyra aðildarríkjum bandalagsins.

9. ÞÁTTUR

FLUGUMFERÐARSTJÓRN

16. gr.

Lýsing

Til samevrópska kerfisins fyrir flugumferðarstjórn telst loftrými fyrir almennt flug, flugleiðir, flugleiðsögubúnaður, kerfi fyrir skipulag og stjórnun umferðar og kerfi fyrir flugumferðareftirlit (eftirlitsmiðstöðvar og búnaður til vöktunar og fjarskipta) sem eru nauðsynleg öruggri og skilvirkri flugumferð í evrópsku loftrými.

10. ÞÁTTUR

STAÐSETNINGAR- OG LEIÐSÖGUKERFI

17. gr.

Lýsing

Til samevrópska staðsetningar- og leiðsögukerfisins teljast staðsetningar- og leiðsögukerfi með aðstoð gervihnatta og kerfi sem verða skilgreind í fyrirhugaðri útvarpsleiðsöguáætlun fyrir Evrópu. Með þessum kerfum er veitt áreiðanleg og skilvirk staðsetningar- og leiðsöguþjónusta sem nýta má fyrir alla flutningsmáta.

11. ÞÁTTUR

SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

18. gr.

Nefnd sem sér um upplýsingaskipti og skýrslugerð

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni reglulega um innlendar áætlanir sem þau hafa gert í tengslum við uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins, einkum að því er varðar þær framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni og eru tilgreindar í þessari ákvörðun.

2. Hér með er komið á fót á vegum framkvæmdastjórnarinnar nefnd um samevrópska flutningakerfið sem hér á eftir nefnist „nefndin“ og er skipuð fulltrúum aðildarríkjanna undir formennsku fulltrúa framkvæmdastjórnarinnar. Nefndin sér um upplýsingaskipti í tengslum við áætlanir sem aðildarríkin tilkynna og getur tekið til athugunar hvert það mál sem varðar uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins.

3. Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu, ráðinu, efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni skýrslu annað hvert ár um framkvæmd viðmiðunarreglnanna sem settar eru í þessari ákvörðun.

Við gerð skýrslunnar hefur framkvæmdastjórnin sér til aðstoðar nefndina sem um getur í 2. mgr.

19. gr.

Sérstakar framkvæmdir

Til upplýsingar er að finna í III. viðauka þær framkvæmdir sem eru tilgreindar í I. og II. viðauka og í öðrum ákvæðum þessarar ákvörðunar og leiðtogaráðið taldi sérstaklega mikilvægar á fundi sínum í Essen.

20. gr.

Fjölþættir flutningar og umferðarstjórn

Af þeim framkvæmdum öðrum, sem varða sameiginlega hagsmuni og er að finna í I. og II. viðauka, skal veita sérstaka athygli þeim sem eru á sviði fjölþættra flutninga og nýrrar umferðarstjórnartækni í því skyni að byggja upp flutningakerfið.

21. gr.

Endurskoðun viðmiðunarreglnanna

1. Fimmta hvert ár eftir gildistöku þessarar ákvörðunar, og í fyrsta skipti fyrir 1. júlí 1999, skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið og greina frá því hvort rétt sé að laga viðmiðunarreglurnar að efnahagsþróun og tækniþróun á sviði flutninga, einkum járnbrautaflutninga.

Við gerð skýrslunnar hefur framkvæmdastjórnin sér til aðstoðar nefndina sem um getur í 18. gr.

2. Í kjölfar skýrslunnar, sem um getur í 1. mgr., skal framkvæmdastjórnin leggja fram viðeigandi tillögur ef nauðsynlegt reynist.

22. gr.

Niðurfelling

Ákvörðun ráðsins 78/174/EBE frá 20. febrúar 1978 um tilhögun samráðs og skipan nefndar er fjalli um samgöngumannvirki ⁽⁷⁾ er hér með felld úr gildi.

23. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

24. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 23. júlí 1996.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

K. HÄNSCH

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. LOWRY

forseti.

⁽⁷⁾ Stjtið. EB nr. L 54, 25. 2. 1978, bls. 16.

*I. VIÐAUKI***KORT MEÐ SKIPULAGSUPPDRAÐTUM AF FLUTNINGAKERFUNUM (*)****2. þáttur: Vegir**

2.0. Evrópa	2.5. Spánn	2.10. Austurríki
2.1. Belgía/Lúxemborg	2.6. Frakkland	2.11. Portúgal
2.2. Danmörk	2.7. Írland	2.12. Finnland
2.3. Þýskaland	2.8. Ítalía	2.13. Svíþjóð
2.4. Grikkland	2.9. Holland	2.14. Breska konungsríkið

3. þáttur: Járnbrautir

3.0. Evrópa	3.4. Grikkland	3.8. Ítalía	3.12. Portúgal
3.1. Belgía	3.5. Spánn	3.9. Lúxemborg	3.13. Finnland
3.2. Danmörk	3.6. Frakkland	3.10. Holland	3.14. Svíþjóð
3.3. Þýskaland	3.7. Írland	3.11. Austurríki	3.15. Breska konungsríkið

4. þáttur: Skipgengar vatnaleiðir

4. Evrópa

5. þáttur: Hafnir við sjó

Framkvæmdir, sem varða sameiginlega hagsmuni og tengjast höfnum við sjó, eru tilgreindar í þessari ákvörðun með þeim viðmiðunum sem er að finna í II. viðauka og geta verið í hvaða höfn sem vera skal í aðildarríkjum bandalagsins. Þar eð ógerlegt er að sýna allar hafnirnar á einu korti er korti af höfnum við sjó sleppt úr I. viðauka.

6. þáttur: Flugvellir

6.0. Evrópa	6.4. Frakkland
6.1. Belgía/Danmörk/Þýskaland/Lúxemborg/ Holland/Austurríki	6.5. Írland/Breska konungsríkið
6.2. Grikkland	6.6. Ítalía
6.3. Spánn/Portúgal	6.7. Finnland/Svíþjóð

7. þáttur: Samsettir flutningar

- 7.1. A. Járnbrautir
B. Járnbrautir — aðalleiðir
- 7.2. Skipgengar vatnaleiðir

Ath.: Hugtakið „fyrirhugað“ í skýringum með kortunum felur í sér öll þrep grunnvirkjaframkvæmdar sem varðar sameiginlega hagsmuni, allt frá forathugun til framkvæmda.

(*) Kortin eiga við samsvarandi þætti sem nefndir eru í meginmálinu og/eða II. viðauka.

2. ÞÁTTUR

VEGIR

3. ÞÁTTUR
JÁRNBRAUTIR

4. ÞÁTTUR

SKIPGENGARVATNALEIÐIR

6. ÞÁTTUR

FLUGVELLIR

7. ÞÁTTUR

SAMSETTIR FLUTNINGAR

*II. VIÐAUKI***VIÐMIÐANIR OG FORSKRIFTIR FYRIR FRAMKVÆMDIR SEM VARÐA
SAMEIGINLEGA HAGSMUNI (*)**

2. þáttur: Vegir
3. þáttur: Járnbrautir
4. þáttur: Skipgengar vatnaleiðir og hafnir við vötn
5. þáttur: Hafnir við sjó
6. þáttur: Flugvellir
7. þáttur: Samsettir flutningar
8. þáttur: Stjórn- og upplýsingakerfi fyrir skipaumferð
9. þáttur: Flugumferðarstjórn
10. þáttur: Staðsetningar- og leiðsögukerfi

*2. þáttur***Vegir**

Auk framkvæmda við tengingar, sem nefndar eru í I. viðauka, teljast grunnvirkjaframkvæmdir við slíkar tengingar varða sameiginlega hagsmuni ef þær beinast að því að:

A. byggja upp vegakerfið og einkum að:

- breikka hraðbrautir eða endurbæta gæðavegi,
- leggja eða endurbæta hliðarbrautir sem liggja fram hjá þéttbýlisstöðum eða utan um þéttbýlissvæði,
- auka rekstarsamhæfi flutningakerfa innanlands;

B. byggja upp kerfi fyrir umferðarstjórn og upplýsingar til notenda og einkum að:

- koma á fót grunnvirkjum fyrir fjarvirknibúnað til að safna gögnum um umferð,
- byggja upp upplýsingamiðstöðvar og eftirlitsmiðstöðvar á sviði umferðarmála, auk gagnamiðlunar milli upplýsingamiðstöðva á — sviði umferðarmála í ýmsum löndum,
- koma á fót upplýsingaþjónustu fyrir umferð á vegum, einkum RDS-TMC kerfinu ⁽¹⁾,
- auka tæknilegt rekstarsamhæfi grunnvirkja fyrir fjarvirknibúnað.

(*) Þessar viðmiðanir og forskriftir vísa til samsvarandi þátta sem um getur í meginmálinu og/eða I. viðauka.

(¹) Stafrænt upplýsingakerfi fyrir vegaumferð sem byggist á útvarpssendingum og er þannig gert að unnt er að stilla upplýsingastreymið í samræmi við þarfir einstakra vegfarenda.

3. þáttur

Járnbrautir

Auk framkvæmda við tengingar, sem nefndar eru í I. viðauka, teljast grunnvirkjaframkvæmdir við slíkar tengingar varða sameiginlega hagsmuni ef þær beinast að:

- rekstrarsamhæfi samevrópskra járnbrautakerfa,
- tengingu við annars konar flutningakerfi.

4. þáttur

Skipgengar vatnaleiðir og hafnir við vötn

Hafnir við vötn

Auk framkvæmda við tengingar, sem nefndar eru í I. viðauka, teljast grunnvirkjaframkvæmdir varða sameiginlega hagsmuni ef þær:

A. tengjast höfnum við vötn, í skilningi 3. mgr. 11. gr., sem fullnægja öllum eftirfarandi skilyrðum:

1. þær eru í kerfi skipengra vatnaleiða eins og það er sýnt á kortinu í I. viðauka;
2. þær eru tengdar öðrum samevrópskum leiðum;
3. í þeim eru mannvirki til umskipunar, einkum:
 - umskipunarmiðstöðvar,
 - gámamiðstöðvar,
 - aðstaða fyrir ekjuskip;

B. og varða einn eða fleiri eftirtalinna flokka:

1. aðgang að höfninni frá skipengum vatnaleiðum;
2. hafnarmannvirki á hafnarsvæðinu;
3. önnur flutningamannvirki á hafnarsvæðinu;
4. önnur flutningamannvirki sem tengja höfnina öðrum þáttum samevrópska flutningakerfisins.

Umferðarstjórn

Til framkvæmda, sem varða sameiginlega hagsmuni, teljast einkum:

- merkja- og leiðsögukerfi fyrir skip, einkum þau sem flytja hættulegar eða mengandi vörur,
- fjarskiptakerfi til notkunar í neyðartilvikum og vegna öryggis á skipengum vatnaleiðum.

*5. þáttur***Hafnir við sjó****1. Flokkar framkvæmda sem varða sameiginlega hagsmuni í höfnum og í tengslum við hafnir**

Grunnvirkjaframkvæmdir í höfnum og í tengslum við hafnir skulu falla undir einn eða fleiri eftirtalinna flokka:

- A. aðgang að höfninni frá hafi eða skipgengum vatnaleiðum, að meðtöldum kostnaði vegna ísbrots á vetrum;
- B. hafnarmannvirki á hafnarsvæðinu;
- C. samgöngumannvirki á landi á hafnarsvæðinu;
- D. samgöngumannvirki á landi sem tengja höfnina öðrum þáttum samevrópska flutningakerfisins.

2. Sérstök markmið með framkvæmdum

Grunnvirkjaframkvæmdir, sem varða sameiginlega hagsmuni, í höfnum og í tengslum við hafnir skulu hafa eitt eða fleiri af eftirtöldum sérstökum markmiðum:

- að auðvelda vöxt verslunar í bandalaginu og við lönd utan þess;
- að stuðla að varanlegum hreyfanleika með því að draga úr álagi á ofhlöðnum stofnleiðum á landi og að draga úr ytri kostnaði við flutninga í Evrópu, t.d. með því að auka hlut sjóflutninga í heildarumferðinni og einkum með því að efla strandsiglingar,
- að bæta aðgengi og styrkja efnahagslega og félagslega samheldni í Evrópubandalaginu með því að stuðla að uppbyggingu sjósamgangna í bandalaginu, með sérstakri áherslu á eyjar og jaðarsvæði,
- að tryggja stöðugan aðgang að höfnum við sjó í Eystrasalti sem standa nálægt 60° N og þar fyrir norðan og eru venjulega ísi lagðar á vetrum.

3. Sérstök skilyrði

Framkvæmdirnar skulu stuðla að því að:

- samþætta umferð og tengja hana samevrópska flutningakerfinu eða keðju fyrir fjölþætta flutninga,

eða

- auka notkun flutningamáta sem eru lausir við mengun.

6. þáttur

Flugvellir

I. Viðmiðanir við val flugvalla sem varða sameiginlega hagsmuni

Flugvellir, sem varða sameiginlega hagsmuni, skulu fullnægja viðmiðunum fyrir eina af eftirtöldum tegundum flugvalla:

1. Til millilandaflugvalla teljast:

- allir flugvellir og flugvallakerfi ⁽¹⁾ þar sem:
 - árlegur fjöldi farþega er að minnsta kosti 5 000 000 að fráðregnum 10% eða
 - árlegur fjöldi flugferða í atvinnuskyni er að minnsta kosti 100 000 eða
 - árlegir fraktflutningar eru að minnsta kosti 150 000 tonn eða
 - árlegur fjöldi farþega til eða frá löndum utan bandalagsins er að minnsta kosti 1 000 000; eða
- nýir flugvellir sem eru lagðir í stað millilandaflugvalla sem fyrir eru og ógerlegt er að byggja frekar upp á sama stað.

2) Til bandalagsflugvalla teljast:

- allir flugvellir og flugvallakerfi þar sem:
 - árlegur fjöldi farþega er á bilinu 1 000 000 að fráðregnum 10% til 4 499 999 eða
 - árlegir fraktflutningar eru á bilinu 50 000 til 149 999 tonn eða
 - árlegur fjöldi farþega er á bilinu 500 000 til 899 999 og þar af að minnsta kosti 30% erlendir farþegar eða
- árlegur fjöldi farþega er á bilinu 300 000 til 899 999 og flugvöllurinn stendur utan meginlands Evrópu í meira en 500 km fjarlægð frá næsta millilandaflugvelli; eða
- nýir flugvellir sem eru lagðir í stað bandalagsflugvalla sem fyrir eru og ógerlegt er að byggja frekar upp á sama stað.

3) Til héraðsflugvalla og tengiflugvalla teljast allir flugvellir:

- þar sem árlegur fjöldi farþega er á bilinu 500 000 til 899 999 og þar af minna en 30% erlendir farþegar eða
- þar sem árlegur fjöldi farþega er á bilinu 250 000 að fráðregnum 10% til 499 999 eða
- þar sem árlegir fraktflutningar eru á bilinu 10 000 til 49 999 tonn eða
- sem standa á eyjum í aðildarríkjunum eða
- sem standa á landluktum svæði í bandalaginu og stunduð er á flugþjónusta í atvinnuskyni með flugvélum með meiri hámarksþyngd við flugtak en 10 tonn.

Flugvöllur telst standa á landluktum svæði ef næsti millilanda- eða bandalagsflugvöllur er í meira en 100 km fjarlægð í beinni loftlínu. Í undantekningartilvikum má minnka þessa fjarlægð í 75 km ef aðgengi er sérstaklega erfitt vegna staðhátta eða lélegra samgöngumannvirkja á landi.

⁽¹⁾ Flugvallakerfi: Stjtið. EB nr. L 240, 24. 8. 1992, bls. 14

II. Forskriftir fyrir framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni og tengjast flugvallakerfinu

Allar framkvæmdir teljast varða sameiginlega hagsmuni ef þær fullnægja eftirtöldum forskriftum:

Forskriftir fyrir framkvæmdir	Flugvallagerðir sem framkvæmdirnar varða einkum (*)
-------------------------------	---

I. Afkastageta á þeim flugvöllum, sem fyrir eru, nýtt á sem bestan hátt

1. ráðstöfun — Afkastageta, sem fyrir er, nýtt á sem bestan hátt að því er varðar umferð flugvéla, farþega og fraktar, að meðtöldum flugleiðsögubúnaði flugvallarins	Millilandaflugvellir Bandalagsflugvellir Héraðsflugvellir og tengiflugvellir
2. ráðstöfun — Bætt öryggi á flugvöllum	Millilandaflugvellir Bandalagsflugvellir Héraðsflugvellir og tengiflugvellir
3. ráðstöfun — Sú aðlögun þeirra grunnvirkja, sem fyrir eru, sem er nauðsynleg vegna aðstæðna á innra markaðinum, einkum ráðstafana sem varða frjálsa fólksflutninga í sambandinu	Millilandaflugvellir Bandalagsflugvellir Héraðsflugvellir og tengiflugvellir

II. Uppbygging til aukinna afkasta á flugvöllum

4. ráðstöfun — Uppbygging grunnvirkja og búnaðar sem ákvarða afköst flugvallar að því er varðar umferð flugvéla, farþega og fraktar, að meðtöldum flugleiðsögu-búnaði flugvallarins	Millilandaflugvellir Bandalagsflugvellir
5. ráðstöfun — Lagning nýs flugvallar í stað flugvallar eða flugvallakerfis sem fyrir er og ógerlegt er að byggja frekar upp á sama stað	Millilandaflugvellir Bandalagsflugvellir

III. Aukin vernd gegn ónæði sem stafar af flugvallarrekstri

6. ráðstöfun — Endurbætur í umhverfismálum með tilliti til hávaða og meðferðar á frárennsli frá flugvelli	Millilandaflugvellir Bandalagsflugvellir
---	---

IV. Endurbætur eða uppbygging á aðgengi að flugvöllum

7. ráðstöfun — Endurbætur eða uppbygging á tengingum milli flugvallar og aðgangsmannvirkja	Millilandaflugvellir Bandalagsflugvellir
8. ráðstöfun — Endurbætur eða uppbygging á tengingum við önnur flutningakerfi, einkum járnbrautakerfið	Millilandaflugvellir Bandalagsflugvellir

(*) Með þessari töflu er ekki ætluð útloka að ráðstafanirnar geti náð til annarra flugvalla í sérstökum vel rökstuddum tilvikum.

7. þáttur

Samsettir flutningar

Auk framkvæmda við tengingar, sem nefndar eru í I. viðauka, teljast framkvæmdir varða sameiginlega hagsmuni ef þær tengjast:

- uppbyggingu eða endurbyggingu járnbrautarmannvirkja eða mannvirkja fyrir skipgengar vatnaleiðir í því skyni að gera það kleift tæknilega og vænlegt í efnahagslegu tilliti að flytja farmeiningar fyrir samsetta flutninga,
- uppbyggingu eða endurbyggingu miðstöðva fyrir umfermingu milli mismunandi flutningatækja á landi, að meðtalinni uppsetningu á föstum eða færanlegum búnaði fyrir umfermingu,
- aðlögun hafnarsvæða í því skyni að byggja upp eða bæta gámaflutning milli sjóflutninga og flutninga með járnbrautum, á skipgengum vatnaleiðum eða vegum,
- flutningabúnaði fyrir járnbrautir sem er sérstaklega aðlagður samsettum flutningum þar sem þess er þörf vegna eiginleika grunnvirkjanna, einkum að því er varðar kostnað við hugsanlega endurbyggingu þessara grunnvirkja og með þeim fyrirvara að slíkur búnaður sé notaður í tengslum við grunnvirkin sem um ræðir og að flutningsaðilar, sem eiga í hlut, geti haft not af honum á jafnréttisgrundvelli.

8. þáttur

Stjórn- og upplýsingakerfi fyrir skipaumferð

Framkvæmdir teljast varða sameiginlega hagsmuni ef:

- þær tengjast markmiðum bandalagsins á sviði öryggis á hafi úti eða
- ráðist er í þær til framkvæmdar milliríkjasamningum og ályktunum Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar (IMO) á sviði öryggis á hafi úti og þær varða:
 - framkvæmd bandalagskerfisins fyrir tilkynningar um komu og brottför skipa, sem fara um hafnir í bandalaginu eða sigla fyrir ströndum bandalagsins á leið sinni til annarra staða, með aðstoð kerfis fyrir rafræna gagnamiðlun sem nær einnig til gagnasendinga milli skipa og landstöðva með ratsjársvörum, með sérstakri áherslu á kerfi fyrir rafræna gagnamiðlun af gerðinni EDI (electronic data interchange) með samhæfðum skilflötum,
 - uppbyggingu og endurbætur á landstöðvum fyrir útvarpsmiðunarkerfið LORAN-C,
 - uppbyggingu eða endurbætur á stjórn- og upplýsingakerfum fyrir strandsiglingar og umferð í höfnum (VTS) og tengingu þeirra í því skyni að gera vöktun og stjórn siglinga öruggari og skilvirkari, einkum á svæðum þar sem siglingaleiðir skerast, umferð er mikil eða umhverfi er viðkvæmt,
 - uppbyggingu verkfæra til að auka þekkingu á umferð: gerð gagnagrunna með upplýsingum um umferðarstrauma, uppbyggingu á EPTO (European Permanent Traffic Observatory) sem er verkfæri til greiningar á umferðarstraumum,
 - uppbyggingu grunnvirkja og búnaðar í því skyni að stuðla að framkvæmd alþjóðlegs neyðar- og öryggiskerfis fjarsskipta á sjó (GMDSS),
 - endurbætur á fjarvirkum kerfum fyrir gagnamiðlun sem lið í skipaefirliti hafnarrikisins.

*9. þáttur***Flugumferðarstjórn**

Framkvæmdir teljast varða sameiginlega hagsmuni ef þær leiða til aukinna afkasta kerfisins og sem bestar nýtingar þess, eru liður í samhæfingu og samþættingu aðstöðu og málsmeðferðar á flugvöllum í hverju landi og samrýmast viðeigandi alþjóðastöðlum Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO) og lögbærra evrópskra stofnana, einkum með hliðsjón af starfinu sem er unnið í Evrópustofnun um flugumferðaröryggi (Eurocontrol).

Slíkar framkvæmdir varða:

- rannsóknir á því hvernig notendur geta nýtt loftrýmið betur og uppbyggingu samhangandi og skilvirks leiðakerfis,
- skipulag og stjórn flugumferðar sem stuðlar að því að framboð fullnægi eftirspurn og nýtir sem best afkastagetu flugumferðareftirlitsins sem fyrir er,
- rannsóknir og vinnu sem er nauðsynleg til þess að samhæfa aðstöðu og málsmeðferð í því skyni að samþætta þjónustu mismunandi aðila með sérstöku tilliti til viðmiðunarreglnanna sem Samband flugmálastjórna Evrópuríkja (ECAC) hefur samþykkt,
- aukna framleiðni í kerfinu, einkum með sjálfvirkum aðstoðarbúnaði við eftirlit og kerfum til að skynja aðsteðjandi hættu og afstýra henni,
- framlag til uppsetningar á fjarskipta-, leiðsögu- og vöktunarbúnaði sem er nauðsynlegur vegna flugumferðareftirlits, að meðtöldum stuðningi við nýja tækni, einkum gervihnetti og stafræn gagnasambönd í þeim tilvikum sem það stuðlar að samræmi við samevrópskar forskriftir.

*10. þáttur***Staðsetningar- og leiðsögukerfi**

Framkvæmdir teljast varða sameiginlega hagsmuni ef þær tengjast stofnun einhvers þáttar í fyrirhugaðri útvarpsleiðsöguáætlun fyrir Evrópu eða hnatrænu staðsetningar- og leiðsögukerfi með aðstoð gervihnatta sem myndar þátt í eftirfarandi kerfi:

- eftirlitsmiðstöð með kerfi fyrir úrvinnslu og eftirlit,
 - kerfi leiðsögujarðstöðva,
 - geimskor sem er byggð upp af gervihnöttum sem gera kleift að senda leiðsögumerki,
 - kerfi vöktunarstöðva.
-

III. VIÐAUKI

SKRÁ YFIR ÞAU FJÓRTÁN FRAMKVÆMDAVERKEFNISEM LEIÐTOGARÁÐIÐ
SAMÞYKKTI Í ESSEN 9. OG 10. DESEMBER 1994

1. Háhraðalest/samsettir flutningar norður-suður:
Nürnberg—Erfurt—Halle/Leipzig—Berlín
Brenneröxullinn: Verona—München
2. Háhraðalest (París—Brussel—Köln—Amsterdam—Lundúnir):
Belgia: Landamæri Frakklands og Belgíu—Brussel—Liège—landamæri Belgíu og Þýskalands;
Brussel—landamæri Belgíu og Hollands
Breska konungsríkið: Lundúnir—mynni Ermarsundsganganna
Holland: landamæri Belgíu og Hollands—Rotterdam—Amsterdam
Þýskaland: (Aachen) G27 Köln—Rín/Main
3. Háhraðalest suður:
Madrid—Barcelona—Perpignan—Montpellier
Madrid—Vitoria—Dax
4. Háhraðalest austur:
París—Metz—Strassborg—Appenweiler—(Karlsruhe) auk tengibrautanna Metz—Saarbrücken—Mannheim og Metz—Lúxemborg
5. Almennar járnbrautir/samsettir flutningar: Betuwebrautin
Rotterdam—landamæri Belgíu og Þýskalands—(Rín/Ruhr)
6. Háhraðalest/samsettir flutningar: Frakkland—Ítalía
Lyon—Torino
Torino—Milano—Feneyjar—Trieste
7. Hraðbrautir í Grikklandi: Þápe: Ríó Antírío, Patras—Aþena—Þessalóníka—Prómahon (á landamærum Grikklands og Búlgaríu) og
Vía Egnatía: Ígúmenítsa—Þessalóníka—Alexandrúpólís—Ormenío (á landamærum Grikklands og Búlgaríu)—Kípí (á landamærum
Grikklands og Tyrklands)
8. Hraðbrautin Lissabon—Valladolid
9. Almenn járnbraut: Cork—Dyflinni—Belfast—Larne—Stranraer
10. Malpensaflugvöllurinn (Milano)
11. Föst járnbrautar- og vegtenging milli Danmerkur og Svíþjóðar (Eyrarsundstengingin) að meðtöldum tengileiðum fyrir umferð á
vegum, járnbrautum og í lofti
12. Norðurlandaþríhyrningurinn (járnbraut/vegur)
13. Vegtengingin Írland/Breska konungsríkið/Benelúx
14. „West Coast main line“ (járnbraut)

SAMEIGINLEG YFIRLÝSING

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin leggja áherslu á hversu mikilvægt þau telja að samevrópska flutningakerfinu verði komið á fót og það byggt upp á samfelldan hátt. Þau lýsa yfir ánægju sinni með samþykkt þessarar ákvörðunar um að koma flutningakerfinu á fót og að tilgreina einkum framkvæmdir sem varða sameiginlega hagsmuni, en með því er unnt að ljúka setningu lagaákvæða um samevrópska flutningakerfið.

Þau veita því athygli að með þessum framkvæmdum er unnið að markmiðunum sem mælt er fyrir um í 2. gr., einkum með því að stuðla ríkulega að samkeppnishæfni, atvinnusköpun og samheldni í sambandinu, auk þess að koma til móts við þörfina fyrir að tengja eyjar, landlukt svæði og jaðarsvæði við meginlandsvæði bandalagsins. Í því tilliti leggja þau áherslu á að með því að tilgreina þessar framkvæmdir í I. viðauka, II. viðauka og meginmáli þessarar ákvörðunar er gefinn kostur á fjárframlagi til þeirra frá bandalaginu sem getur auðveldað aðildarríkjunum, sem málið varðar, að ráðast í framkvæmdirnar og hraða þeim.

Þar eð Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin telja þessar framkvæmdir sérstaklega mikilvægar hvetja þau aðildarríkin til að leggja allt kapp á vinnuna við þær. Framkvæmdastjórnin skuldbindur sig til að senda þeim reglulega upplýsingar um framgang þessara framkvæmda, m.a. með skýrslunum sem kveðið er á um í 18. og 21. gr.

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin veita athygli þeim framkvæmdaverkefnum, sem Evrópuþingið samþykkti við aðra umræðu, með hliðsjón af uppbyggingu samevrópska flutningakerfisins.

YFIRLÝSINGAR FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

— Varðandi 5. þátt I. viðauka: hafnir við sjó

Að höfðu samráði við málsaðila og aðildarríki, sem málið varðar, mun framkvæmdastjórnin leggja fram skýrslu árið 1997 og, ef við á, tillögu um hafnaframkvæmdir samkvæmt svipaðri málsmeðferð og notuð er fyrir flugvelli í 6. þætti.

— Varðandi umhverfisstaðla og röraleiðslukerfi

Framkvæmdastjórnin mun:

- huga áfram að umhverfisstöðlum fyrir hvern flutningsmáta;
- rannsaka hvort fýsilegt sé að leggja röraleiðslukerfi sem viðmiðunarreglur um samevrópska orkunetið ná ekki til og sameina það samevrópska flutningakerfinu;

og leggja fram viðeigandi tillögur eftir atvikum.

— Varðandi I. viðauka

Framkvæmdastjórnin mun taka framkvæmdirnar, sem Evrópuþingið samþykkti við aðra umræðu, til gaumgæfilegrar athugunar í því skyni að ákveða hvort þær fullnægja skilyrðum fyrir því að verða skráð í I. viðauka. Þessi athugun verður hluti af þeirri málsmeðferð við endurskoðun ákvörðunarinnar sem kveðið er á um í 21. gr.

— Varðandi 19. og 20. gr. og III. viðauka

Framkvæmdastjórnin staðfestir að þessi ákvörðun felur ekki í sér neins konar fjárhagslega skuldbindingu fyrir aðildarríkin eða bandalagið.

— Varðandi 20. gr.

Í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2236/95 um almennar reglur um bandalagsstyrki á sviði samevrópskra neta og flutningakerfa lýsir framkvæmdastjórnin því yfir að þegar metið er hvort framkvæmdir fullnægja skilyrðum fyrir styrkveitingu á fjárlögum fyrir samevrópsk net og flutningakerfi mun hún huga að framkvæmdum á sviði fjölþættra flutninga eins og vert er, einkum þeim sem varða langferðaleiðir til jaðarsvæða.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/12

nr. 39/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 98/25/EB frá 27. apríl 1998 um breytingu á tilskipun 95/21/EB um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarrikiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 56b (tilskipun ráðsins 95/21/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„- **398 L 0025:** Tilskipun ráðsins 98/25/EB frá 27. apríl 1998 (Stjtið. EB L 133, 7.5.1998, bls. 19).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 98/25/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbato

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 124.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 133, 7.5.1978, bls. 19.

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/25/EB

frá 27. apríl 1998

um breytingu á tilskipun 95/21/EB um hvernig alþjóðlegum stöðlum um öryggi skipa, mengunarvarnir, aðbúnað og vinnuskilyrði um borð í þeim er framfylgt (hafnarríkiseftirlit) að því er varðar skip sem nota hafnir innan bandalagsins og sigla á skipaleiðum sem heyra undir lögsögu aðildarríkjanna(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 95/21/EB ⁽⁴⁾ eru „samningar“ skilgreindir sem þeir samningar sem vitnað er til í þeirri grein og eru í gildi við samþykkt tilskipunarinnar. Í 2. mgr. 2. gr. er mælt svo fyrir að „MOU“ merki Parísarsamkomulagið um hafnarríkiseftirlit, undirritað í París 26. janúar 1982, eins og það hljóðaði daginn sem tilskipunin var samþykkt.
- 2) Frá samþykkt tilskipunar 95/21/EB hafa gengið í gildi breytingar á alþjóðasamningnum um öryggi mannlífa á hafinu frá 1974 (SOLAS 74), alþjóðasamningnum um varnir gegn mengun frá skipum frá 1973 (MARPOL 73/78) og alþjóðasamningnum um menntun og þjálfun, skilríki og vaktstöður sjómanna frá 1978 (STCW 78). Síðustu breytingar á Parísarsamkomulaginu um hafnarríkiseftirlit (MOU) tóku gildi 14. janúar 1998. Rétt er að beita þessum breytingum að því er varðar þessa tilskipun.
- 3) Með alþjóðareglum um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-reglunum), sem Alþjóðasiglingamálastofnunin samþykkti 4. nóvember 1993 og gerði skylt að fylgja með nýjum IX. kafla alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS), er komið á fót

öryggisstjórnunarkerfi sem fyrirtækið, sem annast útgerð skipsins, beitir bæði um borð og í landi og er staðfest af yfirvöldum í landinu, þar sem fyrirtækið stundar starfsemi sína.

- 4) ISM-reglurnar eru mikilvægt framlag til aukins öryggis á hafinu og verndar á umhverfi sjávar innan landhelgi bandalagsins.
- 5) ISM-reglurnar öðlast gildi á alþjóðavettvangi 1. júlí 1998 að því er varðar öll farþegaskip sem og olíuflutningaskip, efnaflutningaskip, gasflutningaskip, búlkaskip og háhraðavöruflutningaför sem eru 500 tonn eða stærri.
- 6) Markmið reglugerðar ráðsins (EB) nr. 3051/95 frá 8. desember 1995 um öryggisstjórnun á ekju-farþegaferjum ⁽⁵⁾ er skjót lögbinding á framkvæmd ákvæða ISM-reglnanna að því er varðar allar ekju-farþegaferjur sem leggjast við eða láta úr höfn innan bandalagsins, án tillits til þess undir hvaða fána þær sigla.
- 7) Tafir á framkvæmd ákvæða ISM-reglnanna á alþjóðavettvangi af hálfu fyrirtækja og yfirvalda gætu orðið áhyggjuefni með tilliti til öryggis á hafinu og umhverfisverndar.
- 8) Því er nauðsynlegt að gera sérstakar ráðstafanir innan bandalagsins til að taka á málum þar sem engin ISM-skirteini eru um borð. Skylt er að þessar ráðstafanir feli í sér kyrrsetningu allra skipa sem hafa ekki skirteini sem eru gefin út samkvæmt ISM-reglunum.
- 9) Sé ekki um annan alvarlegan vanbúnað skipsins að ræða, er heimili kyrrsetningu þess, er hlutaðeigandi aðildarríki heimilt að láta aflétta kyrrsetningunni, þegar nauðsyn krefur, til að komast hjá þrengslum í höfninni.
- 10) Í þessu tilviki er nauðsynlegt að aðildarríkin gripi til vel samhæfðra ráðstafana, í samræmi við 11. gr. tilskipunar 95/21/EB, til að tryggja að skipum, sem hafa fengið heimild til að láta úr höfn án viðeigandi ISM-skirteinis, sé meinaður aðgangur að öllum höfnum innan bandalagsins þangað til gild skirteini hafa verið gefin út samkvæmt ISM-reglunum, samanber þó 6. mgr. þeirrar greinar.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 133, 7.5.1998, bls. 19, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 39/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 264, 30. 8. 1997, bls. 33.

⁽²⁾ Álit var skilað 10. desember 1997 (Stjtið. EB C 73, 9. 3. 1998, bls. 64).

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 4. desember 1997 (Stjtið. EB C 388, 22. 12. 1997, bls. 16), sameiginleg afstaða ráðsins frá 12. febrúar 1998 (Stjtið. EB C 91, 26. 3. 1998, bls. 28) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 31. mars 1998 (Stjtið. EB C 138, 4. 5. 1998).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 157, 7. 7. 1995, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 320, 30. 12. 1995, bls. 14.

- 11) Aðeins aðildarríkið, sem kyrrsetur skipið, getur aflétt aðgangsbanni að höfnum innan bandalagsins. Þessu ríki er heimilt, ef það óskar þess, að taka við hvers konar upplýsingum frá öðru aðildarríki sem teljast sönnun þess að skip hafi gild skirteini sem eru gefin út í samræmi við ISM-reglurnar.
- 12) Það ætti að vera mögulegt að nota einfaldaða málsmeðferð til að aðlaga tilskipun 95/21/EB þannig að í henni sé tekið tillit til breytinga á alþjóðasamningum og Parísarsamkomulaginu um hafnarrikiseftirlit sem um getur í 2. gr. þeirrar tilskipunar. Málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 18. gr. þeirrar tilskipunar, virðist henta best til slíkra breytinga. Í því augnamiði er rétt að víkka út 19. gr.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Tilskipun 95/21/EB er breytt sem hér segir:

1. 2. gr. er breytt sem hér segir:

- a) í 1. mgr. komi orðin „sem eru í gildi 1. júlí 1998“ í stað orðanna „sem eru í gildi við samþykki þessarar tilskipunar“.
- b) í 2. mgr. komi orðin „eins og það hljóðar 14. janúar 1998“ í stað orðanna „eins og það hljóðar daginn sem þessi tilskipun er samþykkt“.

2. Eftirfarandi grein bætist við:

„9. grein a

Gildandi málsmeðferð ef ISM-skirteini eru ekki til staðar

1. Leiði skoðun í ljós að afrit af samræmisskjali eða öryggisstjórnunarskirteini, sem eru gefin út í samræmi við alþjóðareglur um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir (ISM-reglur), er ekki að finna um borð í skipi sem heyrir undir ISM-reglurnar innan bandalagsins á skoðunardegnum skulu lögbær yfirvöld sjá til þess að skipið sé kyrrsett.

2. Lögbærum yfirvöldum er heimilt að aflétta kyrrsetningunni, þrátt fyrir að skjölin, sem um getur í 1. mgr., vanti til að komast hjá þrengslum í höfn ef skoðunin leiðir í ljós að ekki er um annan vanbúnað að ræða sem heimilar kyrrsetningu. Þegar slík ákvörðun er tekin skulu lögbær yfirvöld ætíð tilkynna lögbærum yfirvöldum hinna aðildarríkjanna um það tafarlaust.

3. Aðildarríki skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að öllum skipum, sem hafa heimild til að láta úr höfn í aðildarríki undir þeim kringumstæðum sem um getur í 2. mgr., sé meinaður aðgangur að öllum höfnum innan bandalagsins, nema undir þeim kringumstæðum er um getur í 6. mgr. 11. gr., þangað til eigandi eða útgerð skipsins hefur sýnt lögbærum yfirvöldum aðildarríkisins, sem fyrirskipaði kyrrsetninguna, fram á að skipið hafi gild skirteini sem eru gefin út í samræmi við ISM-reglurnar. Komi í ljós við skoðun að um vanbúnað er að ræða, eins og um getur í 2. mgr. 9. gr., sem ekki er unnt að bæta úr í kyrrsetningarhöfn skulu viðeigandi ákvæði 11. gr. einnig gilda.“

3. Við 19. gr. bætist eftirfarandi liður:

„c) aðlaga dagsetningarnar í 2. gr. í því skyni að taka mið af breytingum, sem hafa gengið í gildi, á alþjóðasamningunum og á Parísarsamkomulaginu um hafnarrikiseftirlit (MOU), sem um getur í téðri grein, að undanskildum bókunum við þá samninga.“

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. júlí 1998. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin setja nánari reglur um slíka tilvisun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 27. apríl 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

R. COOK

forseti.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/13

nr. 40/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 15/1999 frá 29. janúar 1999⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja bandalagsins⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56d (tilskipun ráðsins 96/98/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„56e. **398 L 0041**: Tilskipun ráðsins 98/41/EB frá 18. júní 1998 um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja bandalagsins (Stjtið. EB L 188, 2.7.1998, bls. 35).“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 98/41/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 18. júní 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 35, 10.2.2000, bls. 45 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 7, 10.2.2000, bls. 124.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 188, 2.7.1978, bls. 35.

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/41/EB

frá 18. júní 1998

um skráningu einstaklinga sem sigla með farþegaskipum til og frá höfnum aðildarríkja bandalagsins(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 84. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álit efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Gera verður frekari ráðstafanir innan ramma sameiginlegrar stefnu í flutningamálum til að auka öryggi í flutningum á sjó.
- 2) Sjóslys þar sem farþegaskip eiga í hlut og mikið manntjón hefur orðið, ekki síst slysni þar sem skipin *Herald of Free Enterprise* og *Estonia* fórust, eru mikið áhyggjuefni í bandalaginu. Einstaklingar, sem sigla með farþegaskipum og háhraðafarþegaforum innan bandalagsins, eiga að geta búið við og treyst því að fyllsta öryggis sé gætt og að fyrir hendi sé viðunandi upplýsingakerfi er auðveldi leit og björgun og skilvirka meðferð á eftirmálum slyss sem kann að bera að höndum.
- 3) Nauðsynlegt er að tryggja að farþega fjöldi um borð í farþegaskipi sé ekki meiri en sá fjöldi sem tekinn er fram í skírteinum skipsins og öryggisbúnaður þess eru gerður fyrir. Skipafélögin skulu vera fær um að gefa leitar- og björgunarsveitum upplýsingar um hversu margir einstaklingar hafa lent í slysi.
- 4) Taka verður saman upplýsingar um farþega og áhöfn í því skyni að auðvelda leit og björgun og skilvirka meðferð á eftirmálum slyss, þ.e. að bera kennsl á einstaklinga sem

lentu í slysinu, veita skýrari upplýsingar um tengd lagaleg málefni og stuðla að betri læknishjálp fyrir þá sem bjargað er. Slíkar upplýsingar gætu komið í veg fyrir óþarfa áhyggjur ættingja og annarra, sem málið varðar, af einstaklingum um borð í farþegaskipum sem lenda í slysum á hafsvæðum þeim sem aðildarríki bera ábyrgð á samkvæmt alþjóðasamningnum um leit og björgun á sjó (SAR) frá 1979.

- 5) Því ber að telja og skrá farþega fyrir brottför sérhvers skips.
- 6) Í III. kafla alþjóðasamningsins um öryggi mannlífa á hafinu (SOLAS-samningsins) er kveðið á um talningu og skráningu allra einstaklinga um borð í öllum farþegaskipum sem sigla á alþjóðlegum leiðum, frá 1. júlí 1997 og 1. janúar 1999 eftir því sem við á, þótt yfirvöldum sé heimilt að undanskilja farþegaskip, sem sigla á skyldum hafsvæðum, þessum kröfum og kröfunni um skráningu ef óframkvæmanlegt reynist að útbúa skrár af þessu tagi sökum áætlanafærða skipa. Þessi kafla SOLAS-samningsins tekur ekki til ferða á innlendum hafsvæðum og er einstökum aðildarríkjum í sjálfsvald sett hvernig þau fara með ýmis mikilvæg túlkunaratriði hans.
- 7) Þessi tilskipun er í samræmi við rétt aðildarríkjanna til að gera, í vissum tilvikum, strangari kröfur til farþegaskipa sem sigla til og frá höfnum þeirra en mælt er fyrir um í SOLAS-samningnum.
- 8) Aðgerðir á vettvangi bandalagsins er skilvirkasta leiðin til að koma á almennu lágmarksöryggi fyrir skip innan bandalagsins, þar sem farþegaflutningar á sjó varða einnig innri markaðinn.
- 9) Með hliðsjón af hlutfallsreglunni er tilskipun ráðsins viðeigandi löggæringur þar sem hún myndar ramma um samræmda og lögböðna beitingu aðildarríkjanna á öryggisstöðlum en veitir þó hverju aðildarríki rétt til að ákveða hvers konar gerningar henta best til að koma þeim til framkvæmda samkvæmt kerfi landsins.
- 10) Aðildarríki getur tryggt að farþegaskip sem sigla undir fána þess og fyrirtækin, sem annast rekstur þeirra, fullnægi gildandi öryggisreglum. Þessar reglur ættu ekki að gilda um skip sem sigla á milli hafna í þriðju löndum. Þær ferðir falla undir ákvæði SOLAS-samningsins.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 188, 2.7.1998, bls. 35, var nefnd í ákvörðun sameiginlegrar EES-nefndarinnar nr. 40/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(¹) Stjtið. EB C 31, 31. 1. 1997, bls. 5 og Stjtið. EB C 275, 11. 9. 1997, bls. 7.

(²) Stjtið. EB C 206, 7. 7. 1997, bls. 111.

(³) Álit Evrópuþingsins frá 29. maí 1997 (Stjtið. EB C 138, 16. 6. 1998, bls. 31), sameiginleg afstaða ráðsins frá 11. desember 1997 (Stjtið. EB C 23, 23. 1. 1998, bls. 17) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 11. mars 1998 (Stjtið. EB C 104, 6. 4. 1998).

- 11) Eina leiðin til að tryggja örugga og skilvirka meðferð á eftirmálum slysa fyrir öll farþegaskip sem eru sigla frá eða til stendur að sigli frá höfnum aðildarríkjanna, án tillits til þess undir hvaða fána þau sigla, er að aðildarríkin geri það að skilyrði fyrir því að skipin fái að sigla frá höfnum þeirra að öryggisreglum sé fylgt til hins itrasta. Veiting undanþága frá þessum reglum má ekki velta á fánaríkinu einu þar sem aðeins hafnarrikið er í aðstöðu til að ákveða kröfur sem tryggt geta bestu mögulegu leitar- og björgunaraðgerðir fyrir farþegaskip sem sigla til og frá höfn þess.
- 12) Í því skyni að samhæfa öryggisvernd og forðast röskun á samkeppni skulu aðildarríkin ekki veita undanþágu frá viðeigandi ákvæðum SOLAS-samningsins um „upplýsingar um farþega“ í ferðum, sem hefjast eða lýkur í höfn innan bandalagsins, af öðrum ástæðum en þeim sem getið er í þessari tilskipun.
- 13) Til að auka hagræðingu og forðast röskun á samkeppni er skylt að koma á samhæfðri aðferð við að ákveða í hvaða ferðum skal vera skylt að skrá alla einstaklinga um borð. Niðurstaðan var sú að setja tuttugu mílna viðmiðunarramma með hliðsjón af þeim meginreglum og sérstöku aðstæðum sem öll aðildarríkin viðurkenna.
- 14) Af sérstökum hagnýtum ástæðum gæti talning á þeim einstaklingum, sem sigla á farþegaskipum yfir Messínusundið, farið tímabundið fram á einfaldari hátt en með því að telja einstaklinga. Aðildarríki ættu að hafa þann möguleika að geta veitt einhverjar tilslakanir frá tilkynningaskyldu til lands um fjölda einstaklinga um borð í farþegaskipum, sem sigla stuttar áætlunarferðir á skýldum hafsvæðum eingöngu, eins og skilgreint er í þessari tilskipun. Farþegaskip, sem aðeins sigla á skýldum hafsvæðum, eru í minni hættu en önnur og ættu því að hafa möguleika á undanþágu. Við sérstakar kringumstæður kann að reynast óframkvæmanlegt fyrir skipafélög að skrá einstaklinga um borð og því væri hægt að heimila undanþágu frá skráningarskyldu undir sérstökum kringumstæðum og samkvæmt skýrt skilgreindum skilyrðum.
- 15) Skylt er að samantekt og úrvinnsla gagna um nafngreinda einstaklinga fari fram í samræmi við þær grundvallarreglur um gagnavernd sem mælt er fyrir um í tilskipun 95/46/EB ⁽¹⁾. Einkum ber að upplýsa einstaklinga, þegar gögnin eru tekin saman, um ástæðuna fyrir því að gagnanna er krafist og skulu gögnin aðeins geymd í mjög skamman tíma og aldrei lengur en nauðsynlegt er til að ákvæðum þessarar tilskipunar sé fullnægt.
- 16) Nauðsynlegt er að nefnd skipuð fulltrúum aðildarríkjanna aðstoði framkvæmdastjórnina við skilvirka beitingu þessarar tilskipunar. Nefndin sem komið var á fót með 12. gr. tilskipunar 93/75/EBE ⁽²⁾ getur tekið það hlutverk að sér.

- 17) Nefndinni er heimilt að aðlaga tiltekin ákvæði þessarar tilskipunar þannig að tekið sé tillit til síðari breytinga á SOLAS-samningnum sem öðlast hafa gildi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmiðið með þessari tilskipun er að auka öryggi og líkur á björgun farþega og áhafnar á farþegaskipum sem sigla til og frá höfnum aðildarríkja bandalagsins og að tryggja að staðið verði á skilvirkari hátt að leit og björgun og eftirmálum slysa sem kunna að bera að höndum.

2. gr.

Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „einstaklingar“: allir um borð, óháð aldri,
- „farþegaskip“: haffært skip eða haffært háhraðafar sem getur flutt fleiri en tólf farþega,
- „háhraðafar“: háhraðafar eins og það er skilgreint í 1. reglu X. kafla SOLAS-samningsins frá 1974, í þeirri útgáfu sem var í gildi þegar þessi tilskipun var samþykkt,
- „fyrirtæki“: eigandi farþegaskips eða önnur stofnun eða einstaklingur, t.d. framkvæmdastjóri eða skipamiðlari þurrlæguskipa (skipa án áhafna), sem hefur tekið yfir ábyrgð á rekstri farþegaskips frá eiganda,
- „ISM-reglur“: alþjóðareglur um öryggisstjórnun skipa og mengunarvarnir, samþykktar af Alþjóðasiglingamálastofnuninni (IMO) með ályktun þingsins A.741(18) frá 4. nóvember 1993,
- „umsjónarmaður farþegaskráningar“: einstaklingur í landi sem fyrirtæki hefur tilnefnt til að sjá um að ákvæðum ISM-reglnanna sé fullnægt eða einstaklingur í landi sem fyrirtæki tilnefnir til að annast vörslu upplýsinga um einstaklinga sem stíga um borð í farþegaskip fyrirtækisins,
- „tilnefnd yfirvöld“: lögbær yfirvöld aðildarríkis sem annast leit og björgun eða meðferð á eftirmálum slyss,
- „míla“: 1 852 metrar,
- „skýlt hafsvæði“: hafsvæði í skjóli fyrir áhrifum frá opnu hafi, þar sem skip er aldrei meira en sex mílur frá vari þar sem skipreika einstaklingar kæmust í land og þar sem nálægð við leitar- og björgunarþjónustu er tryggð,

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 281, 23. 11. 1995, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 247, 5. 10. 1993, bls. 19.

- „áætlunarferðir“: siglingar skips milli tveggja eða fleiri staða, annaðhvort:

- a) samkvæmt áætlun, eða
- b) með svo reglulegum eða tíðum ferðum að telja má að um reglubundnar ferðir sé að ræða,

- „þriðja land“: hvert það land sem er ekki aðildarríki.

3. gr.

Þessi reglugerð gildir um farþegaskip, að undanskildum:

- herskipum og liðsflutningaskipum,
- lystisnekkjum, nema á þeim sé eða muni verða áhöfn og þær flytji fleiri en tólf farþega gegn greiðslu.

4. gr.

1. Telja skal alla einstaklinga um borð í sérhverju farþegaskipi, sem lætur úr höfn í aðildarríki, fyrir brottför skipsins.

2. Fyrir brottför skipsins skal tilkynna skipstjóra farþegaskipsins og umsjónarmanni farþegaskráningar fyrirtækisins eða kerfi á vegum fyrirtækisins í landi, sem gegnir sama hlutverki, um fjölda einstaklinga um borð.

5. gr.

1. Eftirfarandi upplýsingar skulu skráðar fyrir sérhvert farþegaskip sem lætur úr höfn í aðildarríki og leggur upp í lengri ferð en tuttugu mílur frá brottfararstað:

- föðurnafn/efirnafn allra einstaklinga um borð,
- nafn eða upphafsstafir þeirra,
- kyn þeirra,
- hvaða aldursflokki (fullorðinn, barn eða ungbarn) þeir tilheyra eða aldur eða fæðingarár,
- upplýsingar um hvort viðkomandi þurfi á sérstakri umönnun eða aðstoð að halda í neyðartilviki, ef farþegi býður þær sjálfviljugur.

2. Þessum upplýsingum skal safnað fyrir brottför og þær sendar umsjónarmanni farþegaskráningar fyrirtækisins eða kerfi fyrirtækisins í landi, sem gegnir sama hlutverki, eigi síðar en þrjátíu mínútum eftir brottför.

6. gr.

1. Hvert aðildarríki skal, að því er varðar sérhvert farþegaskip sem siglir undir fána þess og lætur úr höfn utan bandalagsins og stefnir til hafnar innan bandalagsins, krefjast þess af fyrirtækinu að það sjái til þess að upplýsingarnar, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr., séu látnar í té eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr.

2. Hvert aðildarríki skal, að því er varðar sérhvert farþegaskip sem siglir undir fána þriðja lands og lætur úr höfn utan bandalagsins og stefnir til hafnar innan bandalagsins, krefjast þess af fyrirtækinu að það sjái til þess að upplýsingunum, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 5. gr., sé safnað og þær varðveittar svo þær séu fyrir hendi fyrir tilnefnd yfirvöld ef þörf er á til leitar og björgunar og vegna eftirmála slyss.

3. Aðildarríki er aðeins heimilt að veita skipi, sem siglir undir fána þess og kemur til hafnar innan bandalagsins frá höfn utan bandalagsins, undanþágu, að því er varðar upplýsingar um farþega samkvæmt viðeigandi ákvæðum SOLAS-samningsins, í samræmi við skilyrðin um undanþágur sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun.

7. gr.

Fyrir brottför farþegaskips frá höfn innan aðildarríkis skal skipstjóri sjá til þess um að fjöldi einstaklinga um borð sé ekki meiri en sá fjöldi sem farþegaskipið hefur heimild til að flytja.

8. gr.

Hvert það fyrirtæki sem axlar þá ábyrgð að reka farþegaskip skal, þar sem þess er krafist samkvæmt 4. og 5. gr.:

- setja upp kerfi til skráningar á upplýsingum um farþega. Kerfið skal uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í 11. gr.,
- skipa umsjónarmann farþegaskráningar til að annast vörslu og afhendingu þessara upplýsinga ef neyðartilvik ber að höndum eða vegna eftirmála slyss.

Fyrirtækið skal sjá til þess að upplýsingarnar, sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun, séu ætíð aðgengilegar fyrir tilnefnd yfirvöld til leitar og björgunar ef neyðartilvik ber að höndum eða vegna eftirmála slyss.

Persónulegar upplýsingar, sem teknar eru saman í samræmi við 5. gr., skulu ekki geymdar lengur en nauðsynlegt er til að ákvæðum þessarar tilskipunar sé fullnægt.

Fyrirtækið skal tryggja að upplýsingar um einstaklinga, sem látið hafa í ljós að þeir þurfi á sérstakri umönnun eða aðstoð að halda í neyðartilviki, séu skráðar með tilhlýðilegum hætti og tilkynntar skipstjóra fyrir brottför farþegaskipsins.

9. gr.

1. Aðildarríki, þaðan sem skip lætur úr höfn, er heimilt að lækka tuttugu mílna viðmiðunarmarkið sem mælt er fyrir um í 5. gr.

Sérhver ákvörðun um að lækka viðmiðunarmarkið fyrir ferðir milli tveggja hafna í mismunandi aðildarríkjum skal tekin sameiginlega af aðildarríkjunum tveimur.

2. a) Við beitingu 1. mgr. 4. gr. er lýðveldinu Ítalíu heimilt, að því er varðar áætlunarferðir yfir Messínusundið, að samþykkja ákvæði um að telja megi hámarksfjölda einstaklinga sem farþegaskipi, sem einnig flytur farþegalestarvagna og ökutæki, er heimilt að flytja á grundvelli hámarksfjölda farþega sem leyfilegt er að flytja í lestarvögnunum og öllum öðrum ökutækjum um borð, ef því verður ekki við komið að telja einstaklingana sérstaklega af hagnýtum ástæðum. Beiting þessa ákvæðis takmarkast við fjögurra ára tímabil. Ákvörðun um framlengingu skal tekin á grundvelli fenginnar reynslu, í samræmi við 3. mgr.

b) Aðildarríki, þaðan sem skip lætur úr höfn, er heimilt að veita farþegaskipum, sem fara áætlunarferðir á skyldum hafsvæðum eingöngu sem taka innan við klukkustund milli hafna, undanþágu frá þeirri kvöð, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr., að tilkynna umsjónarmanni farþegaskráningar eða kerfi fyrirtækisins í landi, sem gegnir sama hlutverki, um fjölda einstaklinga um borð.

c) Aðildarríki er heimilt að veita farþegaskipum, sem sigla á skyldum hafsvæðum eingöngu milli tveggja hafna eða sem láta úr og leggjast við sömu höfn án viðkomu á leiðinni, undanþágu frá þeirri kvöð sem mælt er fyrir um í 5. gr.

3. Eftirfarandi málsmeðferð skal gilda við þær aðstæður sem mælt er fyrir um í 2. mgr.:

a) aðildarríkið skal tafarlaust tilkynna framkvæmdastjórninni um þá ákvörðun sína að veita undanþágu frá viðeigandi ákvæðum 4. og 5. gr. og gefa góð rök fyrir ástæðum hennar;

b) telji framkvæmdastjórnin innan sex mánaða frá slíkri tilkynningu að ákvörðunin sé ekki réttlætanleg eða að hún geti haft neikvæð áhrif á samkeppni er henni heimilt, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr., að krefjast þess að aðildarríkið breyti ákvörðun sinni eða afturkalli hana.

4. Hvað varðar áætlunarferðir á svæði þar sem minna en 10% líkur eru á því á ársgrundvelli að ölduhæð verði meiri en tveir metrar, og

- ef ferðin er ekki lengri en u.þ.b. þrjátíu mílur frá brottfararstað, eða

- þar sem meginmarkmið þjónustunnar er að halda uppi reglubundnum, hefðbundnum tengslum við afskekktar byggðir,

er aðildarríki þaðan sem farþegaskip lætur úr höfn í innanlandsferðir eða tveimur aðildarríkjum, sem farþegaskip sigla milli hafna hjá, heimilt að fara fram á það við framkvæmdastjórnina að hún veiti undanþágu, algjöra eða að hluta til, frá þessari kröfu, telji þau skráningu upplýsinganna, sem tilgreindar eru í 1. mgr. 5. gr., óframkvæmanlega fyrir fyrirtækin.

Í þessu skyni skal leggja fram sannanir fyrir því að skráning sé óframkvæmanleg. Auk þess skal sýna fram á að á svæðinu, þar sem slík skip eru starfrækt, sé fyrir hendi siglingaleiðsögubúnaður í landi og áreiðanlegar veðurspár, auk viðeigandi og fullnægjandi leitar- og björgunarbúnaðar. Undanþágur, sem veittar eru samkvæmt þessari málsgrein, mega ekki hafa neikvæð áhrif á samkeppni.

Taka skal ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr.

5. Aðildarríki skal ekki, samkvæmt ákvæðum þessarar tilskipunar, veita undanþágu neinu því farþegaskipi sem siglir frá höfnum þess undir fána þriðja lands sem er samningsaðili að SOLAS-samningnum og samþykkir ekki beitingu slíkra undanþágna samkvæmt þeim samningi.

10. gr.

Aðildarríkin skulu viðurkenna skráningarkerfin sem eru sett upp í samræmi við 8. gr.

Aðildarríki skulu að minnsta kosti láta fara fram slembi athugun til að ganga úr skugga um að skráningarkerfin, sem sett eru upp samkvæmt þessari tilskipun á yfirráðasvæði þeirra, starfi eðlilega.

Hvert aðildarríki skal tilnefna yfirvald sem fyrirtækin, sem 8 gr. á við um, skulu senda upplýsingarnar sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun.

11. gr.

1. Að því er þessa tilskipun varðar skal skráningarkerfi fullnægja eftirfarandi viðmiðunum um notagildi:

i) læsileiki:

upplýsingarnar, sem krafist er, verða að vera með sniði sem er auðlesid,

ii) *tiltækileiki:*

tilnefnd yfirvöld, sem upplýsingarnar í kerfinu varða, verða að hafa greiðan aðgang að upplýsingunum sem krafist er,

iii) *einföldun formsatriða:*

kerfið skal þannig hannað að það valdi farþegum, sem stíga um borð og/eda frá borði, ekki ónaðsynlegum töfum;

iv) *öryggi:*

vernda skal upplýsingarnar á tilhlýðilegan hátt gegn eyðileggingu eða tjóni, af slysi eða á ölogmætan hátt, auk þess að koma í veg fyrir að þeim verði breytt, þær birtar eða veittur aðgangur að þeim í heimildarleysi.

2. Koma skal í veg fyrir að mörg kerfi séu á sömu eða svipuðum leiðum.

12. gr.

Með fyrirvara um þær málsmeðferðir sem eru notaðar til að breyta SOLAS-samningnum er heimilt að breyta þessari tilskipun í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 13. gr. til að tryggja, að því er varðar þessa tilskipun og án þess að vikka gildissvið hennar, beitingu síðari breytinga á SOLAS-samningnum, sem tengjast skráningarkerfum, er gengið hafa í gildi eftir að þessi tilskipun var samþykkt.

13. gr.

Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót samkvæmt 1. mgr. 12. gr. tilskipunar 93/75/EBE. Nefndin skal starfa í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 2. og 3. mgr. þeirrar greinar.

14. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja kerfi viðurlaga vegna brota á innlendum ákvæðum sem eru samþykkt samkvæmt þessari tilskipun og gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að þessum viðurlögum sé beitt. Viðurlög, sem er kveðið á um með þessum hætti, skulu vera árangursrík, í réttu hlutfalli við brot og letjandi.

15. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 1999. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað. Beita skal 5. gr. eigi síðar en 1. janúar 2000.

2. Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

3. Aðildarríkin skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni öll ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til. Framkvæmdastjórnin skal tilkynna það hinum aðildarríkjunum.

16. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún er birt.

17. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 18. júní 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

G. STRANG

forseti.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/14

nr. 41/1999
frá 26. mars 1999

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/98 frá 30. október 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XVIII. viðauka við samninginn skal breytt sem hér segir:

1. Í stað textans í 22. lið (tilskipun ráðsins 75/129/EBE) komi eftirfarandi:

- „**398 L 0059:** Tilskipun ráðsins 98/59/EB frá 20. júlí 1998 um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir (Stjtið. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16).“

2. Texti 26. liðar (tilskipun ráðsins 92/56/EB) í XVIII. viðauka falli niður.

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipunar ráðsins 98/59/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 24. september 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16.

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/59/EB

frá 20. júlí 1998

um samræmingu laga aðildarríkjanna um hópuppsagnir(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Til hagræðingar og glöggvunar ber að steypa tilskipun ráðsins 75/129/EBE frá 17. febrúar 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna um hópuppsagnir ⁽³⁾ og breytingum við hana saman í einn texta.
- 2) Mikilvægt er að veita launþegum meiri vernd þegar um hópuppsagnir er að ræða og taka jafnframt tillit til þess að efnahagsleg og félagsleg þróun innan bandalagsins verður að vera í jafnvægi.
- 3) Þrátt fyrir aukna samleitni er enn munur á ákvæðum sem eru í gildi í aðildarríkjum bandalagsins varðandi skipulag og tilhögun slíkra hópuppsagna, svo og á ráðstöfunum sem er ætlað að draga úr afleiðingum þeirra fyrir launþega.
- 4) Þessi munur getur haft bein áhrif á starfsemi innri markaðarins.
- 5) Í ályktun ráðsins frá 21. janúar 1974 um aðgerðaáætlun á sviði félagsmála ⁽⁴⁾ er gert ráð fyrir tilskipun um samræmingu á löggjöf aðildarríkjanna um hópuppsagnir.

- 6) Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem var samþykkt á fundi leiðtogaráðsins í Strassborg hinn 9. desember 1989 af ríkis- og ríkisstjórnarleiðtogum 11 aðildarríkjanna, segir meðal annars í fyrsta málslíð fyrstu málsgreinar og annarri málsgrein 7. liðar, fyrstu málsgrein 17. liðar og þriðja undirlið 18. liðar:

- „7. Stofnsetning innri markaðarins verður að leiða til bættra lífskjara og starfsskilyrða launþega í Evrópubandalaginu (...).

Umbæturnar verða, eftir því sem þörf krefur, að taka til þróunar ákveðinna þátta í löggjöf vinnumarkaðarins, svo sem reglna um hópuppsagnir og gjaldþrot.

(...)

17. Byggja skal upp upplýsingar, samráð og áhrif launþega með viðeigandi hætti þar sem tekið verði tillit til þeirrar réttarvenju sem fyrir er í hinum ýmsu aðildarríkjum.

(...)

18. Þessar upplýsingar, samráð og áhrif launþega skulu koma til framkvæmda tímanlega, einkum í eftirfarandi tilvikum:

(— ...)

(— ...)

— í tengslum við hópuppsagnir

(— ...).“

- 7) Því ber að stuðla að þessari samræmingu jafnframt því sem haldið er áfram umbótum í skilningi 117. gr. sáttmálans.

- 8) Við útreikning á fjölda þeirra sem er sagt upp, eins og kveðið er á um í skilgreiningu á hópuppsögnum í þessari tilskipun, ætti að líta á önnur uppsagnarform ráðningarsamninga, sem vinnuveitandi á frumkvæði að, sem jafngild uppsögnum, að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 225, 12.8.1998, bls. 16, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 210, 6. 7. 1998.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 158, 26. 5. 1997, bls. 11.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 48, 22. 2. 1975, bls. 29. Tilskipuninni var síðast breytt með tilskipun 92/56/EBE (Stjtið. EB L 245, 26. 8. 1992, bls. 3).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB C 13, 12. 2. 1974, bls. 1.

- 9) Þessi tilskipun skal að jafnaði einnig gilda um hópuppsagnir sem stafa af því að starfsemi fyrirtækis er hætt á grundvelli réttarákvörðunar.
- 10) Heimila ber aðildarríkjunum að gefa fulltrúum launþega kost á að kveðja til sérfræðinga vegna þess hve málefni sem upplýsingarnar og samráðið taka til geta verið tæknilega flókin.
- 11) Nauðsynlegt er að tryggja að skylda vinnuveitenda til að veita upplýsingar, hafa samráð og tilkynna gildi óháð því hvort ákvörðun um hópuppsagnir er tekin af vinnuveitanda eða í fyrirtæki sem vinnuveitandinn heyrir undir.
- 12) Aðildarríkjunum ber að tryggja að fulltrúar launþega og/eða launþegar sjálfir geti nýtt sér stjórnsýslu- og/eða réttarfarsreglur til að tryggja að þeim skyldum, sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun, sé fullnægt.
- 13) Þessi tilskipun má ekki hafa áhrif á skyldur aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til að setja innlend lög vegna tilskipunarinnar sem mælt er fyrir um í B. hluta I. viðauka.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

I. ÞÁTTUR

Skilgreiningar og gildissvið

1. gr.

1. Í þessari tilskipun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:
- a) „hópuppsagnir“: uppsagnir sem vinnuveitandi grípur til af ástæðum sem ekki tengjast einstökum launþegum sem hlut eiga að máli, þar sem fjöldi uppsagna, að vali aðildarríkjanna, er:
- i) annaðhvort, á þrjátíu daga tímabili:
- að minnsta kosti tíu í fyrirtækjum sem venjulega hafa fleiri en tuttugu og færri en eitt hundrað launþega í vinnu,
 - að minnsta kosti 10% launþega í fyrirtækjum sem venjulega hafa hið minnsta eitt hundrað launþega, en færri en þrjú hundruð launþega, í vinnu,
 - að minnsta kosti þrjátíu í fyrirtækjum sem venjulega hafa þrjú hundruð launþega eða fleiri í vinnu,

- ii) eða, á níutíu daga tímabili, að minnsta kosti tuttugu, án tillits til þess hve fyrirtækin sem um ræðir hafa marga í vinnu að öllu jöfnu;

- b) „fulltrúar launþega“: þeir fulltrúar launþega sem gert er ráð fyrir samkvæmt lögum eða venjum í aðildarríkjunum.

Við útreikning á fjölda uppsagna samkvæmt ákvæði fyrstu undirgreinar a-liðar skal litið á uppsögn ráðningarsamnings, sem vinnuveitandi á frumkvæði að af einni eða fleiri ástæðum sem ekki tengjast einstökum launþegum, sem jafngilda uppsögnum, að því tilskildu að um minnst fimm uppsagnir sé að ræða.

2. Þessi tilskipun gildir ekki um:

- a) hópuppsagnir sem koma til framkvæmda samkvæmt ráðningarsamningum sem gerðir eru til ákveðins tíma eða vegna sérstakra verkefna nema slíkar uppsagnir eigi sér stað áður en þeir samningar renna út eða viðkomandi verkefni lýkur;
- b) þá sem starfa við opinbera stjórnsýslu eða hjá stofnunum sem lúta opinberum rétti (eða, í aðildarríkjum þar sem þetta hugtak er óþekkt, hjá jafngildum aðilum);
- c) áhafnir hafskipa.

II. ÞÁTTUR

Upplýsingar og samráð

2. gr.

1. Þegar vinnuveitandi íhugar að beita hópuppsögnum er honum skylt að hafa samráð við fulltrúa launþega með nægum fyrirvara með það fyrir augum að ná samkomulagi.

2. Með samráðinu skal að minnsta kosti leitað leiða til að forðast hópuppsagnir eða fækka launþegum sem fyrir þeim verða og draga úr afleiðingunum með hjálp félagslegra aðgerða sem hafa það meðal annars að markmiði að auðvelda tilfærslur í starfi eða endurhæfingu launþega sem sagt hefur verið upp.

Aðildarríkin geta ákveðið að gefa fulltrúum launþega kost á að kveðja til sérfræðinga samkvæmt ákvæðum landslaga og/eða réttarvenju.

3. Til að gera fulltrúum launþega kleift að koma með tillögur til úrbóta skulu vinnuveitendur, með góðum fyrirvara meðan samráðið fer fram:

- a) sjá þeim fyrir öllum upplýsingum sem máli skipta; og

b) ætíð tilgreina skriflega:

- ástæður fyrirhugaðra uppsagna,
- hve mörgum launþegum stendur til að segja upp og hvers konar störfum þeir gegna,
- hve margir launþegar eru venjulega í vinnu og hvers konar störfum þeir gegna,
- á hvaða tímabili fyrirhugaðar uppsagnir eiga að koma til framkvæmda,
- hvaða viðmiðanir til stendur að nota við val á launþegum sem segja á upp, að svo miklu leyti sem landslög og/eda réttarvenja veitir vinnuveitanda slíkt umboð,
- hvaða aðferð á að nota við útreikninga á greiðslum vegna uppsagna, annarra en þeirra sem gert er ráð fyrir í landslögum og/eda réttarvenju.

Vinnuveitandi skal koma afriti af að minnsta kosti öllum skriflegum upplýsingum, sem kveðið er á um í i- til v-lið í b-lið fyrstu undirgreinar, til lögbærs stjórnvalds.

4. Skyldurnar, sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr., skulu gilda óháð því hvort ákvörðun um hópuppsagnir er tekin af vinnuveitanda eða í fyrirtæki sem vinnuveitandinn heyrir undir.

Þegar fram kemur staðhæfing um brot á kröfum um upplýsingar, samráð og tilkynningar samkvæmt þessari tilskipun getur vinnuveitandi ekki borið því við að honum hafi ekki borist nauðsynlegar upplýsingar frá fyrirtækinu þar sem ákvörðun um hópuppsagnir var tekin.

III. ÞÁTTUR

Tilhögun hópuppsagna

3. gr.

1. Vinnuveitendur skulu tilkynna lögbæru stjórnvaldi skriflega um allar hópuppsagnir sem fyrirhugaðar eru.

Aðildarríkin geta þó ákveðið að vinnuveitanda beri því aðeins, þegar kemur til skipulegra hópuppsagna sem stafa af því að starfsemi fyrirtækis er hætt á grundvelli réttarákvörðunar, að tilkynna það lögbæru stjórnvaldi skriflega fari það fram á slíkt.

Í tilkynningu þessari skulu koma fram allar upplýsingar sem máli skipta um fyrirhugaðar hópuppsagnir og samráð það við fulltrúa launþega sem kveðið er á um í 2. gr., einkum ástæður uppsagnanna, hve mörgum launþegum stendur til að segja upp, hve margir launþegar eru venjulega í vinnu og á hvaða tímabili uppsagnirnir eiga að taka gildi.

2. Vinnuveitendur skulu koma afriti af tilkynningunni, sem kveðið er á um í 1. mgr., til fulltrúa launþega.

Fulltrúum launþega er heimilt að senda lögbæru stjórnvaldi allar athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa.

4. gr.

1. Fyrirhugaðar hópuppsagnir, sem lögbæru stjórnvaldi hefur verið tilkynnt um, skulu ekki taka gildi fyrir en að minnsta kosti þrjátíu dögum eftir að tilkynningunni, sem um getur í 1. mgr. 3. gr., er komið á framfæri, samanber þó ákvæði um rétt einstaklinga hvað varðar uppsagnarfrest.

Aðildarríkin geta heimilað lögbæru stjórnvaldi að stytta þann frest sem kveðið er á um í undanfarandi undirgrein.

2. Frestinn, sem kveðið er á um í 1. mgr., skal lögbært stjórnvald nota til að leita lausna á þeim vanda sem fyrirhugaðar hópuppsagnir valda.

3. Þegar upphaflegur frestur, sem kveðið er á um í 1. mgr., er skemmri en sextíu dagar geta aðildarríkin heimilað lögbæru stjórnvaldi að framlengja upphaflegan frest í sextíu daga frá því að tilkynningu er komið á framfæri, ef ekki eru líkur á að leysa megi þann vanda, sem fyrirhugaðar hópuppsagnir valda, áður en upphaflegur frestur rennur út.

Aðildarríkjunum er heimilt að fela lögbæru stjórnvaldi viðtækara vald til framlengingar.

Upplýsa verður vinnuveitanda um framlenginguna og ástæður hennar áður en upphaflegi fresturinn, sem kveðið er á um í 1. mgr., rennur út.

4. Aðildarríkjunum er ekki skylt að beita ákvæðum þessarar greinar um hópuppsagnir sem rekja má til þess að starfsemi fyrirtækis er hætt þegar það gerist í kjölfar réttarákvörðunar.

IV. ÞÁTTUR

Lokaákvæði

5. gr.

Þessi tilskipun skal ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að beita eða koma á lögum og stjórnsýslufyrirmælum sem eru hagstæðari launþegum eða til að stuðla að eða heimila beitingu almennra samninga sem eru hagstæðari launþegum.

6. gr.

Aðildarríkin skulu tryggja að fulltrúar launþega og/eda launþegar sjálfir geti nýtt sér stjórnsýslu- og/eda réttarforsreglur til að skyldum samkvæmt þessari tilskipun verði fullnægt.

7. gr.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau hafa samþykkt eða sem verið er að samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

8. gr.

1. Tilskipanirnar, sem eru skráðar í A-hluta I. viðauka, falli hér með úr gildi, með fyrirvara um skyldur aðildarríkjanna að því er varðar þá fresti til að setja innlend lög vegna téðrar tilskipunar sem fram koma í B-hluta I. viðauka.

2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipanirnar sem tilvísanir í þessa tilskipun og skulu þær lesnar með hliðsjón af samanburðartöflunni í II. viðauka.

9. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

10. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. júlí 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MOLTERER

forseti.

I. VIÐAUKI

A-HLUTI

Niðurfelldar tilskipanir

(sem um getur í 8. gr.)

Tilskipun ráðsins 75/129/EBE og breytingin sem fylgdi í kjölfar hennar:

Tilskipun ráðsins 92/56/EBE.

B-HLUTI

Frestir til að setja innlend lög

(sem um getur í 8. gr.)

Tilskipun	Frestur til að setja innlend lög
75/129/EBE (Stjtið. EB L 48, 22.2.1975, bls. 29)	19. febrúar 1977
92/56/EBE (Stjtið. EB L 245, 26.8.1992, bls. 3)	24. júní 1994

II. VIÐAUKI

SAMANBURÐARTAFLA

Tilskipun 75/129/EBE	Þessi tilskipun
1. liður fyrsta undirliðar í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.	fyrsti undirliður i-liðar í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.
2. liður fyrsta undirliðar í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.	annar undirliður i-liðar í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.
3. liður fyrsta undirliðar í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.	þriðji undirliður i-liðar í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.
annar undirliður í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.	ii-liður í a-lið fyrstu undirgreinar 1. mgr. 1. gr.
b-liður fyrstu undirgreinar í 1. mgr. 1. gr.	b-liður fyrstu undirgreinar í 1. mgr. 1. gr.
önnur undirgrein 1. mgr. 1. gr.	önnur undirgrein 1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	2. mgr. 1. gr.
2. gr.	2. gr.
3. gr.	3. gr.
4. gr.	4. gr.
5. gr.	5. gr.
5. gr. a	6. gr.
1. mgr. 6. gr.	-
2. mgr. 6. gr.	7. gr.
7. gr.	-
-	8. gr.
-	9. gr.
-	10. gr.
-	I. viðauki
-	II. viðauki

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/15

nr. 42/1999
frá 26. mars 1999

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/98 frá 30. október 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 96/34/EB frá 3. júní 1996 um rammasamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert⁽²⁾ og tilskipun ráðsins 97/75/EB frá 15. desember 1997 um breytingu og rýmkun á tilskipun 96/34/EB um rammasamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert svo að hún taki til Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands⁽³⁾ skulu felldar inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við 31. lið (tilskipun ráðsins 97/81/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:

„32. **396 L 0034:** Tilskipun ráðsins 96/34/EB frá 3. júní 1996 um rammasamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert (Stjtið. EB L 145, 19.6.1996, bls. 4), eins og henni var breytt með:

- **397 L 0075:** Tilskipun ráðsins 97/75/EB frá 15. desember 1997 (Stjtið. EB L 10, 16.1.1998, bls. 24).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

hvað varðar EFTA-ríkin lesist „framkvæmdastjórn“ sem „eftirlitsstofnun EFTA“ og „dómstóll“ sem „EFTA-dómstóll“ í aðstæðum sem um getur í 6. lið 4. ákvæði í viðaukanum við tilskipunina.“

2. gr.

Fullgiltur texti tilskipana ráðsins 96/34/EB og 97/75/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 145, 19.6.1996, bls. 4.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 10, 16.1.1998, bls. 24.

TILSKIPUN RÁÐSINS 96/34/EB

frá 3. júní 1996

um rammasamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnuna, sem fylgir bókun nr. 14 um félagsmálastefnuna, sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 4. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með vísan til bókunarinnar um félagsmálastefnuna hafa aðildarríkin, að hinu Sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands undanskildu, (hér á eftir nefnd „aðildarríkin“), sem vilja halda áfram á þeirri braut sem var mörkuð með félagsmálasáttmálanum frá 1989, gert með sér samning um félagsmálastefnuna.
- 2) Aðilar vinnumarkaðarins geta, í samræmi við 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, sameiginlega óskað eftir að samningar, sem eru gerðir á vettvangi bandalagsins, komi til framkvæmda með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.
- 3) Í 16. mgr. stofnskrár bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem fjallar um jafnræði karla og kvenna, er meðal annars kveðið á um að „jafnframt þurfi að gera ráðstafanir sem gera körlum og konum kleift að samræma þær skyldur sem þeim eru lagðar á herðar í starfi og í fjölskyldulífi“.
- 4) Þrátt fyrir viðtæka samstöðu hefur ráðið ekki getað afgreitt tillögu um að gefin verði út tilskipun um foreldraorlof vegna fjölskylduástandna ⁽¹⁾, eins og henni var breytt ⁽²⁾ 15. nóvember 1984.
- 5) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, haft samráð við aðila vinnumarkaðarins um hugsanleg stefnumið bandalagsaðgerðar sem miðar að því að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf.
- 6) Eftir þetta samráð aðhyllist framkvæmdastjórnin þá skoðun að æskilegt sé að grípa til bandalagsaðgerðar og hefur í framhaldi af því haft frekara samráð við aðila vinnumarkaðarins um inntak fyrirhugaðrar tillögu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. umrædds samnings.
- 7) Hin almennu þverfaglegu heildarsamtök, (Samtök evrópskra iðn- og atvinnurekenda (UNICE), Evrópusamtök fyrirtækja með opinberri eignaraðild (CEEP) og Evrópusamband verkálðsfélaga (ETUC)), hafa með sameiginlegu bréfi sinu til framkvæmdastjórnarinnar, dagsettu 5. júlí 1995, óskað eftir því að málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 4. gr. umrædds samnings, verði hafin.
- 8) Áðurnefnd þverfagleg heildarsamtök gerðu hinn 14. desember 1995 með sér rammasamning um foreldraorlof. Þau hafa lagt fyrir framkvæmdastjórnina sameiginlega beiðni sína um að þessi rammasamningur komi til framkvæmda með ákvörðun sem ráðið tekur að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 2. mgr. 4. gr. umrædds samnings.
- 9) Ráðið hefur, í ályktun sinni frá 6. desember 1994 um vissa þætti í félagsmálastefnu Evrópusambandsins: „Framlag til efnahagslegrar og félagslegrar samleitni í Evrópusambandinu“ ⁽³⁾, farið þess á leit við aðila vinnumarkaðarins að þeir nýti sér þau tækifæri sem þeir hafa til að gera samninga þar sem þeir standa að jafnaði nær félagslegum veruleika og átta sig betur á félagslegum vandamálum. Á fundi leiðtoga ráðsins í Madrid fögnuðu fulltrúar þeirra ríkja, sem hafa undirritað samninginn um félagsmálastefnuna, gerð þessa rammasamnings.
- 10) Undirritunaraðilarnir hafa óskað eftir að gera rammasamning sem kveður á um lágmarkskröfur um foreldraorlof og leyfi frá vinnu af óviðráðanlegum ástæðum (force majeure), og sem lætur aðildarríkjum og/eða aðilum vinnumarkaðarins eftir að kveða nánar á um skilyrði fyrir framkvæmd slíks foreldraorlofs, þannig að unnt verði að taka mið af aðstæðum, þar með talið fjölskyldustefnu, í hverju aðildarríki um sig, einkum að því er varðar skilyrði fyrir því að veita foreldraorlof og neyta réttar til foreldraorlofs.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 145, 19.6.96 bls.4, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 42/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. C 333, 9. 12. 1983, bls. 6.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. C 316, 27. 11. 1984, bls. 7.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. C 368, 23. 12. 1994, bls. 6.

- 11) Rétti gjörningurinn til framkvæmdar þessum rammasamningi er tilskipun í skilningi 189. gr. sáttmálans. Hún er bindandi fyrir aðildarríkin með tilliti til þeirra markmiða sem stefnt er að en lætur þeim eftir að ákvæða útfærsluna.
- 12) Samkvæmt dreifræðisreglunni og hlutfallsreglunni, sem mælt er fyrir um í 3. gr. b í sáttmálanum, geta aðildarríkin ekki náð markmiðum þessarar tilskipunar með viðhlitandi hætti en meiri líkur eru á því að þau náist á vettvangi bandalagsins. Þessi tilskipun er takmörkuð við það lágmark sem þarf til að koma þessum markmiðum í framkvæmd og gengur ekki lengra en nauðsynlegt er í því sambandi.
- 13) Framkvæmdastjórnin hefur gert drög að tillögu að tilskipun þar sem tekið er tillit til stöðu undirritunaraðilanna, umboðs þeirra og lögmætis ákvæðanna í rammasamningnum og samræmis við viðeigandi ákvæði varðandi lítil og meðalstór fyrirtæki.
- 14) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við orðsendingu sína frá 14. desember 1993 varðandi framkvæmd bókunarinnar um félagsmálástefnuna, gert Evrópuþinginu viðvart með því að senda því texta rammasamningsins ásamt tillögu sinni að tilskipun og greinargerðinni.
- 15) Framkvæmdastjórnin hefur jafnframt gert efnahags- og félagsmálanefndinni viðvart með því að senda henni texta rammasamningsins ásamt tillögu sinni að tilskipun og greinargerðinni.
- 16) Í 2. lið 4. ákvæðis rammasamningsins er kveðið á um að framkvæmd ákvæða þessa samnings teljist ekki lögmæt ástæða til að draga úr almenntri vernd sem launþegar njóta á því sviði sem þessi samningur tekur til. Þetta hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna og/eða aðila vinnumarkaðarins til að setja annars konar réttar- eða samningsákvæði, með tilliti til breyttra aðstæðna (þar með talið ákvæði um að framsal sé ekki heimilt), að því tilskildu að lágmarkskröfur þessa samnings séu virtar.
- 17) Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er viðurkennt mikilvægi þess að barist sé gegn hvers kyns mismunun, einkum þeirri sem byggist á kynferði, litarhætti, kynþætti, skoðunum eða trúarbrögðum.
- 18) Í 2. mgr. greinar F í sáttmálanum um Evrópusambandið segir: „Sambandið skal virða grundvallarréttindi sem tryggð eru með Evrópusáttmála um verndun mannréttinda og mannfrelsis sem var undirritaður í Róm 4. nóvember 1950, svo og þau er leiðir af sameiginlegum stjórnarskrárhefðum aðildarríkjanna sem væru þau almennar meginreglur í lögum bandalagsins“.

19) Aðildarríkin geta falið aðilum vinnumarkaðarins, enda hafi þeir farið sameiginlega fram á það, að koma þessari tilskipun í framkvæmd, að því gefnu að þeir geri allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeir geti ætíð tryggt framkvæmd þeirra ákvæða sem eru sett með þessari tilskipun.

20) Framkvæmd rammasamningsins stuðlar að því að markmiðum 1. gr. samningsins um félagsmálástefnuna verði náð.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Framkvæmd rammasamningsins

Markmiðið með þessari tilskipun er að koma í framkvæmd rammasamningnum um foreldraorlof sem var gerður 14. desember 1995 milli almennu þverfaglegu heildarsamtakanna (UNICE, CEEP og ETUC) og sem fylgir með í viðaukanum.

2. gr.

Lokaákvæði

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 3. júní 1998 eða sjá til þess að aðilar vinnumarkaðarins hafi í síðasta lagi þann dag tekið upp þessi ákvæði með samningi, enda ber aðildarríkjunum að gera nauðsynlegar ráðstafanir svo að þau geti ætíð tryggt framkvæmd ákvæða þessarar tilskipunar. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

2. Aðildarríkin geta fengið að hámarki eitt ár til viðbótar ef þörf krefur vegna sérstakra örðugleika eða vegna framkvæmdar í formi kjarasamnings.

Þau verða að tilkynna framkvæmdastjórninni um slíkar ástæður án tafar.

3. Þegar aðildarríkin samþykkja ráðstafanirnar, sem um getur í 1. mgr., skal vera í þeim tilvisun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvisun þegar þær verða birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvisun.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Lúxemborg 3. júní 1996.

Fyrir hönd ráðsins,

T. TREU

forseti.

VIÐAUKI

RAMMASAMNINGUR UM FORELDRAORLOF

INNGANGSORÐ

Meðfylgjandi rammasamningur er gerður milli UNICE (Samtaka evrópskra iðn- og atvinnurekenda), CEEP (Evrópusamtaka fyrirtækja með opinberri eignaraðild) og ETUC (Evrópusambands verkalýðsfélaga) og hefur að geyma lágmarksákvæði um foreldraorlof og leyfi frá vinnu af óviðráðanlegum ástæðum (*force majeure*) sem mikilvægan lið í að samræma atvinnu og fjölskyldulíf og stuðla að því að karlar og konur fái sömu tækifæri og njóti jafnræðis.

ETUC, UNICE og CEEP fara þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún leggi þennan rammasamning fyrir ráðið þannig að það geti með ákvörðun gert þessi lágmarksákvæði bindandi í aðildarríkjum Evrópubandalagsins, að Sameinuðu konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands undanskildu.

I. ALMENNAR FORSENDUR

1. Með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnuna sem fylgir bókuninni um félagsmálastefnuna sem fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 4. mgr. 3. gr. og 2. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

2. Í 2. mgr. 4. gr. samningsins um félagsmálastefnuna er kveðið á um að samningar, sem eru gerðir á vettvangi bandalagsins, skuli koma til framkvæmda með ákvörðun ráðsins að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, enda fari undirritunaraðilarnir sameiginlega fram á það.
3. Framkvæmdastjórnin hefur tilkynnt um áform sín þess efnis að hún hyggist gera ráðstafanir á vettvangi bandalagsins með það í huga að samræma atvinnu og fjölskyldulíf.
4. Í 16. lið stofnskrár bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, þar sem fjallað er um jafnræði karla og kvenna, er mælt fyrir um að gera beri ráðstafanir sem geri körlum og konum kleift að samræma starfsskyldur sínar og skyldur gagnvart fjölskyldu.
5. Í ályktun ráðsins frá 6. desember 1994 er viðurkennt að forsenda árangursríkrar stefnu í jafnréttismálum er samþætt heildarstefna þar sem gert er ráð fyrir því að vinnutími sé bæði betur skipulagður og sveigjanlegri, og að fólki sé gert auðveldara að fara aftur út á vinnumarkaðinn, jafnframt því sem vakin er athygli á mikilvægu hlutverki aðila vinnumarkaðarins á þessu sviði og viðvikjandi því að gera bæði körlum og konum kleift að samræma ábyrgð á sínu starfi og skyldur gagnvart fjölskyldu.
6. Með ráðstöfunum, sem miða að því að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf, ætti að hvetja til þess að nýrra leiða verði leitað til að auka sveigjanleika í skipulagningu á vinnu og vinnutíma sem hæfir betur breyttum þörfum þjóðfélagsins og tekur tillit til þarfa bæði fyrirtækja og launþega.
7. Við mótn fjölskyldustefnu ætti að hafa hliðsjón af lýðfræðilegum breytingum, þeirri staðreynd að eldri íbúum fjölgar, að það þarf að útrýma kynslóðabilinu og efla þátttöku kvenna í atvinnulífinu.
8. Hvetja þarf karla til að taka ábyrgð í fjölskyldulífi til jafns við konur, þannig ber til dæmis að hvetja þá til að taka foreldraorlof, til að mynda með því að gera þá meðvitaða um hlutverk sitt.
9. Þessi samningur er rammasamningur þar sem settar eru lágmarkskröfur og -ákvæði um foreldraorlof, óháð fæðingarorlofi, og um leyfi frá vinnu af óviðráðanlegum ástæðum (*force majeure*) og er aðildarríkjunum og aðilum vinnumarkaðarins falið að setja aðgangsskilyrði og reglur um framkvæmdina þannig að unnt sé að taka mið af aðstæðum í hverju aðildarríki um sig.

10. Aðildarríkin skulu sjá til þess að sá réttur til aðstoðar, sem gert er ráð fyrir í sjúkratryggingum, haldist þann lágmarkstíma sem foreldraorlof er heimilað.
11. Aðildarríkjunum ber einnig, eftir því sem aðstæður innanlands leyfa og með hliðsjón af fjárhagsstöðunni, að íhuga að viðhalda rétti til viðeigandi bóta í félagslega kerfinu óbreyttum þann lágmarkstíma sem foreldraorlof er heimilað.
12. Í þessum samningi er tekið mið af því að nauðsynlegt er að bæta ákvæði félagsmálastefnunnar, efla samkeppnishæfni atvinnulífs bandalagsins og að forðast efnahagsleg eða lagaleg höft, eða höft á sviði stjórnsýslu, sem gætu hamlað vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja og komið í veg fyrir stofnun þeirra.
13. Aðilar vinnumarkaðarins eru best til þess fallnir að finna lausnir sem mæta bæði þörfum vinnuveitenda og launþega og skal því fela þeim sérstakt hlutverk við framkvæmd og beitingu þessa samnings.

HAFI UNDIRRITUNARAÐILARNIR KOMIÐ SÉR SAMAN UM EFTIRFARANDI:

II. MEGINMÁL

1. ákvæði: Markmið og gildissvið

1. Í þessum samningi er kveðið á um lágmarkskröfur sem er ætlað að auðvelda vinnandi foreldrum að samræma skyldur sínar í atvinnulífi og sem foreldri.
2. Þessi samningur gildir um alla launþega, karla og konur, sem hafa ráðningarsamning eða ráðningarsamband sem fellur undir skilgreiningu laga eða kjarasamninga eða venjur í hverju aðildarríki um sig.

2. ákvæði: Foreldraorlof

1. Þessi samningur veitir, með fyrirvara um 2. tölul. 2. ákvæðis, launþegum, bæði körlum og konum, einstaklingsbundinn rétt til foreldraorlofs vegna fæðingar eða ættleiðingar barns til að gera þeim kleift að annast barnið í að minnsta kosti þrjá mánuði upp að nánar tilteknum aldri, sem getur verið allt að átta árum, sem aðildarríki og/eða aðilar vinnumarkaðarins ákveða.
2. Til að stuðla að jöfnum tækifærum og jafnræði karla og kvenna álita aðilar samningsins að veita ætti rétt til foreldraorlofs, sem kveðið er á um í 1. tölul. 2. ákvæðis, að meginreglu til án framsalsheimildar.
3. Kveðið skal á um aðgangsskilyrði og framkvæmdaatriði varðandi foreldraorlof í lögum og/eða kjarasamningum í aðildarríkjunum, að því tilskildu að lágmarkskröfur þessa samnings séu virtar. Aðildarríkjunum og/eða aðilum vinnumarkaðarins er einkum heimilt að:
 - a) ákveða hvort foreldraorlof er veitt miðað við fullan vinnudag eða hluta úr degi, slitrótt eða með tímaúttektarkerfi;
 - b) skilyrða rétt til foreldraorlofs við starfsaldur og/eða þjónustualdur, sem má þó ekki takmarkast við meira en eitt ár;
 - c) laga aðgangsskilyrði og framkvæmdaatriði varðandi foreldraorlof að sérstökum aðstæðum við ættleiðingu;
 - d) taka upp tilkynningarfrest sem launþegi verður að virða gagnvart vinnuveitanda þegar hann nýtir sér rétt til foreldraorlofs og er upphaf og lok leyfis tilgreint í tilkynningunni;

- e) skilgreina aðstæður sem heimila vinnuveitanda, eftir að hafa leitað álits í samræmi við landslög, kjarasamninga og venjur, að fresta því að veita foreldraorlof, enda sé um réttmætar ástæður tengdar rekstri fyrirtækisins að ræða (t.d. ef um árstíðabundin störf er að ræða, ef ekki tekst að finna staðgengil innan tilkynningarfrestsins, ef umtalsverður hluti mannafla sækir um foreldraorlof á sama tíma eða ákvæðið starf gegnir lykilhlutverki). Ágreiningsmál, sem kunna að rísa vegna beitingar þessa ákvæðis, ber að fara með í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venjur;
 - f) leyfa sérstakar ráðstafanir, auk þeirra sem fram koma í e-lið, til að mæta þörfum lítilla fyrirtækja varðandi rekstrar- og skipulagsmál.
- 4. Til að tryggja að launþegar geti notið réttar síns til foreldraorlofs skulu aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins gera nauðsynlegar ráðstafanir til að vernda launþega gegn uppsögnum á þeirri forsendu að þeir hafi sótt um eða tekið foreldraorlof í samræmi við landslög, kjarasamninga eða venjur.
 - 5. Við lok foreldraorlofsins skulu launþegar eiga rétt á að hverfa aftur að sama starfi eða, ef þess er ekki kostur, að samsvarandi eða svipuðu starfi í samræmi við ráðningarsamning eða ráðningarsamband.
 - 6. Réttindi, sem launþegi hefur þegar áunnið sér eða er að ávinna sér á upphafsdegi foreldraorlofs, skulu haldast óbreytt til loka foreldraorlofsins. Við lok foreldraorlofs skulu þessi réttindi gilda, sem og breytingar sem kunna að hafa orðið á grundvelli landslaga, kjarasamninga eða venju.
 - 7. Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins skulu skilgreina stöðu ráðningarsamnings eða ráðningarsambands hvað foreldraorlofstímabilið varðar.
 - 8. Aðildarríkjum ber að taka til athugunar og ákvörðunar á grundvelli landslaga öll málefni sem varða félagslegt öryggi í tengslum við þennan samning, að teknu tilliti til þess hve mikilvægt er að réttur til félagslegrar aðstoðar falli ekki niður þegar um mismunandi almannatryggingakerfi er að ræða, einkum á sviði heilsugæslu.

3. ákvæði: Leyfi frá vinnu af óviðráðanlegum ástæðum (*force majeure*)

- 1. Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir sem tryggja launþegum leyfi frá vinnu, í samræmi við landslög, kjarasamninga og/eða venju, þegar um óviðráðanlegar (*force majeure*) og brýnar fjölskylduástæðar er að ræða í veikinda- og slysatilvikum sem krefjast tafarlausrar nærveru launþega.
- 2. Aðildarríkin og/eða aðilar vinnumarkaðarins geta kveðið á um tiltekin aðgangsskilyrði og framkvæmdaatriði varðandi beitingu 1. tölul. 3. ákvæðis og takmarkað þennan rétt við tiltekinn tíma á ári og/eða í hverju tilvikum um sig.

4. ákvæði: Lokaákvæði

- 1. Aðildarríkjum er heimilt að beita ákvæðum eða setja ákvæði sem ganga lengra en þau sem sett eru með þessum samningi.
- 2. Framkvæmd ákvæða þessa samnings telst ekki lögmat ástæða til að draga úr almennri vernd sem launþegar njóta á því sviði sem þessi samningur tekur til. Þetta hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna og/eða aðila vinnumarkaðarins til að móta annars konar laga-, stjórnsýslu- eða samningsákvæði, með tilliti til breyttra aðstæðna (þar með talið ákvæði um að framsal sé ekki heimilt), að því tilskildu að lágmarkskröfur þessa samnings séu virtar.

3. Þessi samningur hefur ekki áhrif á rétt aðila vinnumarkaðarins til að gera, á viðeigandi vettvangi, einnig evrópskum, samninga sem aðlaga ákvæði þessa samnings og/eda eru til viðbótar við þau, með það í huga að taka mið af sérstökum aðstæðum.
4. Aðildarríkin skulu samþykkja lög og stjórnsýslufyrirmæli, sem nauðsynleg eru til að fara að ákvörðun ráðsins, innan tveggja ára frá því að hún er samþykkt eða skulu sjá til þess að aðilar vinnumarkaðarins ⁽¹⁾ geri nauðsynlegar ráðstafanir í formi samnings eigi síðar en við lok þessa tímabils. Aðildarríkjunum er heimilt, ef nauðsyn krefur vegna sérstakra örðugleika eða framkvæmdar kjarasamnings, að fá allt að eins árs viðbótarfrest til að fara að ákvæðum þessarar ákvörðunar.
5. Með ráðstafanir til að koma í veg fyrir deilumál og ágreining, sem rís af beitingu þessa samnings, skal farið að hætti landslaga, kjarasamninga og venja.
6. Með fyrirvara um hlutverk framkvæmdastjórnarinnar, innlendra dómstóla og EB-dómstólsins ber framkvæmdastjórninni, á fyrsta dómstigi, að vísa öllum málum er varða túlkun þessa samnings á evrópskum vettvangi til undirritunaraðilanna sem skulu láta álit sitt í ljós.
7. Undirritunaraðilarnir skulu endurskoða beitingu þessa samnings fimm árum eftir dagsetningu ákvörðunar ráðsins fari einn aðila samningsins fram á það.

Gjört í Brussel 14. desember 1995.

Fritz VERZETNITSCH,

forseti ETUC

Antonio Castellano AUYANET,

forseti CEEP

François PERIGOT,

forseti UNICE

Emilio GABAGLIO,

framkvæmdastjóri

Roger GOURVÈS,

framkvæmdastjóri

Zygmunt TYSZKIEWICZ,

framkvæmdastjóri

ETUC

Bld Emile Jacqmain 155
B-1210 Brussel

CEEP

Rue de la Charité 15
B-1040 Brussel

UNICE

Rue Joseph II 40
B-1040 Brussel

(¹) Í skilningi 4. mgr. 2. gr. samningsins um félagsmálastefnuna.

TILSKIPUN RÁÐSINS 97/75/EB**frá 15. desember 1997****um breytingu og rýmkun á tilskipun 96/34/EB um rammisamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert svo að hún taki til Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands(*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Ráðið samþykkti tilskipun 96/34/EB ⁽⁴⁾ í samræmi við samninginn um félagsmálafélagið sem fylgir bókun nr. 14 við sáttmálann, einkum 2. mgr. 4. gr. Þar af leiðandi gildir tilskipunin ekki um Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

Leiðtogaárið, sem kom saman í Amsterdam 16. og 17. júní 1997, lýsti yfir ánægju sinni með samkomulag ríkjaráðstefnunnar um að fella samninginn um félagsmálafélagið inn í sáttmálann og vakti jafnframt athygli á að finna þyrfti úrræði til að ósk Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands um að fara að þeim tilskipunum, sem þegar höfðu verið samþykktar á grundvelli þess samnings áður en Amsterdamsáttmálinn var undirritaður, fengi réttaráhrif. Með þessari tilskipun er reynt að ná þessu markmiði með því að rýmka tilskipun 96/34/EB svo að hún taki til Breska konungsríkisins.

Sú staðreynd að tilskipun 96/34/EB gildir ekki í Breska konungsríkinu hefur bein áhrif á starfsemi innri markaðarins. Kæmi rammisamningurinn, sem fylgir téðri tilskipun, til framkvæmda í öllum aðildarríkjunum, einkum meginreglan um að gera vinnandi foreldrum kleift að samræma skyldur sínar í atvinnulífi og sem foreldri, yrði það til bóta fyrir starfsemi innri markaðarins.

Framkvæmd rammisamningsins miðar einkum að því að koma á jafnrétti karla og kvenna að því er varðar atvinnutækifæri og meðhöndlun á vinnustað og möguleikann á að samræma atvinnuþátttöku og fjölskyldulíf.

Tilskipun 96/34/EB öðlast gildi í Breska konungsríkinu við samþykkt þessarar tilskipunar. Frá gildistökudegi þessarar tilskipunar skal orðið „aðildarríki“ í tilskipun 96/34/EB einnig taka til Breska konungsríkisins.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Með fyrirvara um 2. gr. gildir tilskipun 96/34/EB um Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

2. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við 2. gr. tilskipunar 96/34/EB:

„1. a. Dagsetningin 15. desember 1999 komi í stað 3. júní 1998 í 1. mgr. að því er varðar Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.“

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 10, 16.1.1998, bls. 24, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 41/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 335, 6. 11. 1997.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 371, 8. 12. 1997.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 355, 21. 11. 1997.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 145, 19. 6. 1996, bls. 4.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/16

nr. 43/1999
frá 26. mars 1999

**um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á
vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

2. gr.

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/98 frá 30. október 1998⁽¹⁾.

Tilskipun ráðsins 97/80/EB frá 15. desember 1997 um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis⁽²⁾ og tilskipun ráðsins 98/52/EB frá 13. júlí 1998 um rýmkun á tilskipun 97/80/EB um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis svo að hún taki til Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands⁽³⁾ skulu felldar inn í samninginn.

Gerðir sem samningsaðilar skulu taka mið af í XVIII. viðauka skulu taldar upp í lok þess viðauka.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Í XVIII. viðauka skal fyrirsögnin á eftir 21. lið (tilskipun ráðsins 86/613/EBE) „GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF“, að meðtalinni upphafsetningu og gerðunum, koma á eftir 32. lið (tilskipun ráðsins 96/34/EB) og liður 21a (ályktun 95/C 296/06 frá ráðinu og fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna, sem komu saman á vegum ráðsins), liður 21b (ályktun ráðsins 95/C 168/02) og liður 21c (tilmæli ráðsins 96/694/EB) hver um sig verða liðir 33, 34 og 35.

Eftirfarandi liður komi aftan við 21. lið (tilskipun ráðsins 86/613/EBE) í XVIII. viðauka við samninginn:

„21a. **397 L 0080:** Tilskipun ráðsins 97/80/EB frá 15. desember 1997 um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis (Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 6), eins og henni var breytt með:

- **398 L 0052:** Tilskipun ráðsins 98/52/EB frá 13. júlí 1998 (Stjtið. EB L 205, 22.7.1998, bls. 66).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í a-lið 1. mgr. 3. gr. lesist „119. gr. sáttmálans“ sem „1. mgr. 69. gr. EES-samningsins“.

3. gr.

Fullgiltur texti tilskipana ráðsins 97/80/EB og 98/52/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbato

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 197, 29.7.1999, bls. 56 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 33, 29.7.1999, bls. 27.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 6.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 205, 22.7.1998, bls. 66.

TILSKIPUN RÁÐSINS 97/80/EB

frá 15. desember 1997

um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um félagsmálastefnuna sem fylgir bókun (nr. 14) um félagsmálastefnuna sem aftur fylgir stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 2. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitni efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽²⁾,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 189. gr. c í sáttmálanum, í samvinnu við Evrópuþingið ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með vísan til bókunarinnar um félagsmálastefnuna, sem fylgir með sáttmálanum, hafa aðildarríkin, að Hinu sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands undanskildu (hér á eftir nefnd „aðildarríkin“), sem vilja leggja sitt af mörkum til að hrinda ákvæðum félagsmálasáttmálans frá 1989 í framkvæmd, gert með sér samning um félagsmálastefnu.
- 2) Í stofnskrá bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega er viðurkennt mikilvægi þess að barist sé gegn hvers kyns mismunun, einkum þeirri sem byggist á kynferði, litarhætti, kynþætti, skoðunum eða trúarbrögðum.
- 3) Í 16. mgr. stofnskrár bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega, sem fjallar um jafnrétti karla og kvenna, er meðal annars kveðið á um að herða beri aðgerðir til að tryggja framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna, ekki síst varðandi aðgang að störfum, launakjör, starfskjör, félagslega vernd, menntun, starfsþjálfun og stöðuhækkunar.

4) Framkvæmdastjórnin hefur, í samræmi við 2. mgr. 3. gr. samningsins um félagsmálastefnuna, haft samráð við aðila vinnumarkaðarins á vettvangi bandalagsins um hugsanleg stefnumið bandalagsaðgerðar viðvíkjandi sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis.

5) Eftir þetta samráð aðhyllist framkvæmdastjórnin þá skoðun að æskilegt sé að grípa til bandalagsaðgerðar og hefur í framhaldi af því haft frekara samráð við aðila vinnumarkaðarins um inntak fyrirhugaðrar tillögu í samræmi við 3. mgr. 3. gr. umrædds samnings. Aðilar vinnumarkaðarins hafa sent framkvæmdastjórninni álit sitt.

6) Að loknu samráði öðru sinni hafa aðilar vinnumarkaðarins ekki tilkynnt framkvæmdastjórninni að þeir óski að hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. gr. umrædds samnings og gæti leitt til samkomulags.

7) Í samræmi við 1. gr. samningsins hafa bandalagið og aðildarríkin meðal annars sett sér það markmið að bæta lífsskilyrði og starfskjör. Skilvirk framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna stuðlar að því að þessu markmiði verði náð.

8) Meginreglan um jafnrétti var sett fram í 119. gr. sáttmálans, í tilskipun ráðsins 75/117/EBE frá 10. febrúar 1975 um samræmingu á lögum aðildarríkjanna er varða beitingu meginreglunnar um sömu laun karla og kvenna ⁽⁴⁾ og í tilskipun ráðsins 76/207/EBE frá 9. febrúar 1976 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör ⁽⁵⁾.

9) Tilskipun ráðsins 92/85/EBE frá 19. október 1992 um lögleiðingu ráðstafana til að auka öryggi og heilbrigði á vinnustöðum fyrir starfsmenn sem eru þungaðir, hafa nýlega alið börn eða hafa börn á brjósti (tíunda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) ⁽⁶⁾ stuðlar einnig að skilvirkri framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna. Tilskipun 92/85/EBE má ekki vinna gegn framangreindum tilskipunum að því er jafnrétti varðar. Því skulu konur á vinnumarkaðinum, sem falla undir tilskipun 92/85/EBE, einnig hafa ávinning af breytingum á reglum um sönnunarbyrði.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 14, 20.1.1998, bls. 6, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 332, 7. 11. 1996, bls. 11 og OJ C 185, 18. 6. 1997, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 133, 28. 4. 1997, bls. 34.

⁽³⁾ Álit Evrópuþingsins frá 10. apríl 1997 (Stjtið. EB C 132, 28. 4. 1997, bls. 215), sameiginleg afstaða ráðsins frá 24. júlí 1997 (Stjtið. EB C 307, 8. 10. 1997, bls. 6) og ákvörðun Evrópuþingsins frá 6. nóvember 1997 (Stjtið. EB C 358, 24. 11. 1997).

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 45, 19. 2. 1975, bls. 19.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 39, 14. 2. 1976, bls. 40.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 348, 28. 11. 1992, bls. 1.

- 10) Tilskipun ráðsins 96/34/EB frá 3. júní 1996 um rammisamninginn um foreldraorlof sem UNICE, CEEP og ETUC hafa gert ⁽¹⁾ byggist einnig á meginreglunni um jafnrétti karla og kvenna.
- 11) Tilvísanirnar í „dómstóla“ taka til fyrirkomulags þar sem unnt er að leggja deilumál til umfjöllunar og úrskurðar fyrir óháða aðila sem geta tekið ákvarðanir sem eru bindandi fyrir deiluaðila.
- 12) Með orðalaginu „málsmeðferð utan réttar“ er einkum átt við málsmeðferð á borð við sátt og miðlun.
- 13) Það er í verkahring innlendra dómstóla eða annarra lögbærra aðila að meta málsatvik, sem gefa ástæðu til að ætla að bein eða óbein mismunur hafi átt sér stað, í samræmi við innlend lög og/ eða venju.
- 14) Aðildarríkin skulu sjá um að setja, á viðeigandi stigum málsmeðferðar, sönnunarreglur sem eru hagstæðari fyrir stefnanda.
- 15) Nauðsynlegt er að taka tillit til sérkenna á réttarkerfum tiltekinna aðildarríkja, meðal annars í þeim tilvikum þar sem ályktað er að mismunur hafi átt sér stað ef stefndi getur ekki lagt fram fullnægjandi sönnun fyrir dómstólum eða öðru lögbæru yfirvaldi að meginreglan um jafnrétti hafi ekki verið brotin.
- 16) Aðildarríkin þurfa ekki að beita reglum um sönnunarbyrði í málum þar sem dómstólum eða öðrum lögbærum aðila ber að rannsaka málsatvik. Hér er átt við mál þar sem þess er ekki krafist að stefnandi sanni málsatvik sem dómstólum eða lögbæra aðilanum ber að rannsaka.
- 17) Stefnandi kann að vera sviptur öllum raunhæfum möguleikum á að fá meginreglunni um jafnrétti framfylgt fyrir innlendum dómstólum ef framlagning sönnunargagna um mismunur við fyrstu sýn leggur ekki þá byrði á stefnda að þurfa að sanna að framferði hans feli í raun ekki í sér mismunur.
- 18) Dómstóll Evrópubandalaganna hefur því úrskurðað að breyta þurfi reglum um sönnunarbyrði þegar um mismunur við fyrstu sýn er að ræða og, til að unnt sé að beita meginreglunni um jafnrétti á skilvirkkan hátt, að sönnunarbyrðin skuli færast yfir á stefnda ef lögð eru fram sönnunargögn um slíka mismunur.
- 19) Meiri erfiðleikum er bundið að sanna mismunur ef hún er óbein. Því er mikilvægt að skilgreina óbeina mismunur.
- 20) Ekki hefur tekist, svo fullnægjandi sé, að ná því markmiði í öllum aðildarríkjunum að breyta reglum um sönnunarbyrði í nægilegum mæli og því verður í samræmi við dreifræðisregluna, sem er sett fram í 3. gr. b í sáttmálanum,

og hlutfallsregluna, að ná því á vettvangi bandalagsins. Þessi tilskipun takmarkast við nauðsynlegar lágmarksaðgerðir og gengur ekki lengra en þarf til að ná því marki.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Markmið

Markmiðið með þessari tilskipun er að tryggja aukna skilvirkni þeirra ráðstafana sem aðildarríkin gera til að framfylgja meginreglunni um jafnrétti þannig að allir, sem telja sig beitta rangindum vegna þess að meginreglunni um jafnrétti hafi ekki verið beitt í þeirra tilviki, eigi kost á að ná rétti sínum fyrir dómstólum, eftir atvikum að undangenginni athugun hjá öðrum lögbærum aðilum.

2. gr.

Skilgreiningar

1. Í þessari tilskipun hefur meginreglan um jafnrétti þá merkingu að engin mismunur skal eiga sér stað vegna kynferðis, hvorki beint né óbeint.

2. Að því er varðar meginregluna um jafnrétti, sem um getur í 1. mgr., telst það óbein mismunur ef ákvæði, viðmiðun eða venja, sem virðist hlutlaus(t), setur verulega hærra hlutfall annars kynsins í verri stöðu en hitt kynið, nema viðkomandi ákvæði, viðmiðun eða venja sé viðeigandi og nauðsynleg(t) og unnt sé að réttlæta það/hana með hlutlægum þáttum sem tengjast ekki kynferði.

3. gr.

Gildissvið

1. Þessi tilskipun gildir um:

- a) aðstæður, sem um getur í 119. gr. sáttmálans og í tilskipunum 75/117/EBE, 76/207/EBE og, að því er varðar mismunur vegna kynferðis, tilskipunum 92/85/EBE og 96/34/EB;
- b) alla einkamála- eða stjórnsýslumeðferð sem varðar opinbera geirann eða einkageirann og felur í sér úrræði samkvæmt innlendum lögum sem sett eru til að framkvæma ráðstafanirnar sem um getur í a-lið, að undanskilinni málsmeðferð utan réttar sem er valfrjáls eða kveðið er á um í innlendum lögum.

2. Tilskipun þessi skal ekki gilda um refsímál nema aðildarríkin kveði á um það.

(¹) Stjtið. EB L 145, 19. 6. 1996, bls. 4.

*4. gr.***Sönnunarbyrði**

1. Aðildarríkin skulu gera nauðsynlegar ráðstafanir, í samræmi við eigin réttarkerfi, til að tryggja að það sé stefnda að sanna að meginreglan um jafnrétti hafi ekki verið brotin ef þeir sem telja sig beitta rangindum, þar eð meginreglunni um jafnrétti hafi ekki verið beitt í þeirra tilviki, leggja fyrir dómstóla eða önnur lögbær yfirlýðing staðreyndir sem gefa ástæðu til að ætla að bein eða óbein mismunun hafi átt sér stað.

2. Tilskipun þessi skal ekki koma í veg fyrir að aðildarríkin innleiði enn hagstæðari sönnunarreglur fyrir stefnendur.

3. Aðildarríkin þurfa ekki að beita 1. mgr. í þeim málum þar sem dómstólum eða öðrum lögbærum aðila ber að rannsaka málsatvik.

*5. gr.***Upplýsingar**

Aðildarríkin skulu sjá til þess að allir hlutaðeigandi aðilar fái vitneskju eftir viðeigandi leiðum um ráðstafanir sem gerðar eru á grundvelli þessarar tilskipunar og um ákvæði sem þegar eru í gildi á þessu sviði.

*6. gr.***Viðhald núverandi verndar**

Framkvæmd þessarar tilskipunar er í engu tilviki nægileg ástæða til að draga úr almennri vernd launþega á því sviði sem tilskipunin tekur til, samanber þó rétt aðildarríkjanna til bregðast við breyttum aðstæðum með því að setja lög og stjórnsýslufyrirmæli sem eru

frábrugðin þeim sem eru í gildi þegar tilskipun þessi er tilkynnt, að því tilskildu að farið sé að lágmarkskröfum þessarar tilskipunar.

*7. gr.***Framkvæmd**

Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 1. janúar 2001. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau verða birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni, innan tveggja ára frá gildistöku þessarar tilskipunar, allar nauðsynlegar upplýsingar til að framkvæmdastjórnin geti tekið saman skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um beitingu þessarar tilskipunar.

8. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 15. desember 1997.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-C. JUNCKER

forseti.

TILSKIPUN RÁÐSINS 98/52/EB

frá 13. júlí 1998

um rýmkun á tilskipun 97/80/EB um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis svo að hún taki til Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands(*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 100. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,

með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Ráðið samþykkti tilskipun 97/80/EB ⁽⁴⁾, í samræmi við samninginn um félagsmálastefnuna sem fylgir bókun nr. 14 um félagsmálastefnuna sem aftur fylgir EB-sáttmálanum, einkum 2. mgr. 2. gr. Þar af leiðandi gildir tilskipunin ekki í Breska konungsríkinu.

Leiðtoga ráðið, sem kom saman í Amsterdam 16. og 17. júní 1997, lýsti yfir ánægju sinni með samkomulag ríkjaráðstefnunnar um að fella samninginn um félagsmálastefnuna inn í sáttmálann og vakti athygli á að finna þyrfti úrræði til að ósk Breska konungsríkisins um að fara að þeim tilskipunum, sem þegar höfðu verið samþykktar á grundvelli þess samnings og þeim sem kynnu að verða samþykktar áður en Amsterdamsáttmálinn öðlaðist gildi, fengi réttaráhrif.

Á fundi í ráðinu 24. júlí 1997 samþykktu ráðið og framkvæmdastjórnin að hrinda í framkvæmd niðurstöðum þeim sem leiðtoga ráðið samþykkti á fundinum í Amsterdam. Einnig var samþykkt að beita sömu málsmeðferð, að breyttu breytanda, í tengslum við tilskipanir sem verða samþykktar framvegis á grundvelli samningsins um félagsmálastefnuna. Með þessari tilskipun er leitast við að ná þessu markmiði með því að rýmka tilskipun 97/80/EB svo að hún taki til Breska konungsríkisins.

Sú staðreynd að tilskipun 97/80/EB gildir ekki í Breska konungsríkinu hefur bein áhrif á starfsemi innri markaðarins. Kæmi

meginreglan um jafnrétti karla og kvenna til framkvæmda í öllum aðildarríkjunum, einkum með tilliti til reglna um sönnunarbyrði í málum er varða mismunun vegna kynferðis, yrði það til bóta fyrir starfsemi innri markaðarins.

Tilskipun 97/80/EB öðlast gildi í Breska konungsríkinu við samþykkt þessarar tilskipunar. Frá gildistöku þessarar tilskipunar skal orðið „aðildarríki“ í tilskipun 97/80/EB einnig taka til Breska konungsríkisins.

Breska konungsríkið fær þriggja ára frest eins og hin aðildarríkin til að samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun 97/80/EB.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Með fyrirvara um 2. gr. gildir tilskipun 97/80/EB um Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

2. gr.

Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir fyrstu málsgrein 7. gr. tilskipunar 97/80/EB:

„Dagsetningin 22. júlí 2001 komi í stað dagsetningarinnar 1. janúar 2001 í fyrstu málsgrein að því er varðar Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.“

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún er birt.

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 13. júlí 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

W. SCHÜSSEL

forseti.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 205, 22.7.1998, bls. 66, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 43/1999 frá 26. mars 1999 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

⁽¹⁾ Stjtið. EB C 332, 7. 11. 1996, bls. 11.

⁽²⁾ Stjtið. EB C 167, 1. 6. 1998.

⁽³⁾ Stjtið. EB C 157, 25. 5. 1998, bls. 64.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 14, 20. 1. 1998, bls. 6.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/17

nr. 44/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 21/1999 frá 26. febrúar 1999⁽¹⁾.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/488/EB frá 7. apríl 1998 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir jarðvegsbæti ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi komi í stað textans í lið 2cc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/923/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„- **398 D 0488:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/488/EB frá 7. apríl 1998 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir jarðvegsbæti (Stjtið. EB L 219, 7.8.1998, bls. 39).“

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 98/488/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 27. mars 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

Hún gildir frá 1. apríl 1998.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 148, 22.6.2000, bls. 46 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 28, 22.6.2000, bls. 258.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 219, 7.8.1998, bls. 39.

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR

frá 7. apríl 1998

um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir jarðvegsbæti(*)

(98/488/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars
1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB ⁽¹⁾, einkum 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir að skilyrðin fyrir veitingu
vistmerkisins (... umhverfismerkisins) skuli ákveðin fyrir hvern
framleiðsluflokk.Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 segir að meta skuli
áhrif vörunnar á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum
fyrir framleiðsluflokka.Með ákvörðun 94/923/EB ⁽²⁾ setti framkvæmdastjórnin
vistfræðilegar viðmiðanir vegna veitingar umhverfismerkis
bandalagsins fyrir jarðvegsbæta, en samkvæmt 3. gr. þeirrar
ákvörðunar gilda þær til 14. nóvember 1997.Mál er til komið að samþykka nýja ákvörðun um vistfræðilegar
viðmiðanir fyrir þennan vöruflokk sem munu gilda í ein þrjú ár
eftir að gildistími fyrri viðmiðana rennur út.Rétt er að endurskoða viðmiðanirnar, sem voru settar með
ákvörðun 94/923/EB, þannig að þær endurspegli þróun á
markaðinum.Vörurnar verða að vera í samræmi við ákvæði innlendra laga sem
uppfylla heilbrigðis-, öryggis- og umhverfiskröfur bandalagsins
án þess að það hafi áhrif á stjórnsýslukröfur bandalagslaga eða
innlendra laga sem gilda um hin ýmsu stig á endingartíma vörunnar.Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur
framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila með
samráðsfundum.Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í
samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr.
reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Vöruflokkurinn „jarðvegsbætur“ er skilgreindur þannig:

„Efni til nota í garðyrkju sem eru seld notendum með það í
huga að blanda þeim í jarðveg og bæta að minnsta kosti
eðliseiginleika hans og líffræðilegt ástand án þess að skaði
hljóttist af.“

2. gr.

Meta skal umhverfisáhrif vöruflokksins, sem er skilgreindur í
1. gr., með hliðsjón af hinum sérstöku vistfræðilegu viðmiðunum
sem koma fram í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir
vöruflokkinn skulu gilda frá 1. apríl 1998 til 31. mars 2001.

4. gr.

Í stjórnsýslunni úthlutar framkvæmdastjórnin þessum vöruflokki
kenninúmerinu „003“.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. apríl 1998.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BIERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 219, 7.8.1998, bls. 39, var nefnd
í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 44/1999 frá 26. mars 1999
um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa
útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.⁽¹⁾ Stjtið. EB L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.⁽²⁾ Stjtið. EB L 364, 31. 12. 1994, bls. 21.

VIÐAUKI

RAMMI

Til að hægt sé að veita umhverfismerki fyrir jarðvegsbæti verður hann, eins og hann er skilgreindur hér á eftir, að vera í samræmi við viðmiðanir og kröfur þessa skjals en markmiðið með þeim er að:

- stuðla að notkun og/eða endurnotkun lífræns efnis sem fellur til við söfnun og/eða vinnslu úrgangsefna og stuðla þannig að því að draga úr magni sorps í föstu formi,
- draga úr umhverfisspjöllum eða umhverfishættu af völdum þungmálma og næringarefna í vörum sem á að markaðssetja og nota sem jarðvegsbæti.

1. Uppruni vörunnar

Aðeins kemur til greina að veita umhverfismerki fyrir jarðvegsbæti ef rekja má lífrænt efnainnihald hans til efnisþátta sem koma frá vinnslu og/eða endurnotkun úrgangsefna (eins og þau eru skilgreind í tilskipun 75/442/EBE um úrgang og í I. viðauka við hana).

Ath.: Með orðinu „lífrænn“ er átt við efni úr lifverum eða efni sem þær mynda.

Varan má ekki innihalda skolpeðju.

Vörur, sem innihalda efni úr dýrum, skulu uppfylla ákvæði sem mælt er fyrir um í gildandi lögum bandalagsins.

VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

2. Spilling jarðvegs og vatnsmengun

Í fullunninni vöru verður innihald eftirfarandi frumefna að vera minna en gildin hér á eftir sýna og miðast mæling við þurrvig:

Frumefni	mg/kg
Zn	300
Cu	100
Ni	50
Cd	1
Pb	100
Hg	1
Cr	100
Mo (*)	2
Se (*)	1,5
As (*)	10
F (*)	200

(*) Einungis er þörf á upplýsingum um hvort þessi frumefni séu í vörum sem innihalda efni frá iðnaðarvinnslu og húsasorpi í föstu formi.

Vörur mega ekki innihalda börk sem hefur verið meðhöndlaður með lindani, sýpermetrini eða prómekarbi. Ef varan inniheldur börk mega lindanleifar (γ - HCH) í berkinum ekki vera meiri en 0,1 mg/kg.

3. Næringarefnaálag

Köfnunarefnismagn vörunnar má ekki vera meira en 2% af heildarköfnunarefni (í þurrefni).

Hámarksnæringarefnaálag vara skal ekki vera umfram eftirfarandi gildi þegar notkun þeirra er samkvæmt því sem mælt er með:

- 17 g/m² heildarköfnunarefnismagn,
- 6 g/m² P₂O₅,
- 12 g/m² K₂O.

Ath.: Vörur eru undanþegnar þessu ákvæði ef massahlutfall þeirra næringarefna, sem eru tiltæk fyrir vöxt plantna á fyrsta notkunarskeiði, er minna en 10%. Slikar vörur, til dæmis ýmis efni sem eru notuð til að þekja jarðveg, eru skilgreindar sem efni með C:N-hlutfall sem er hærra en 30:1.

AÐRAR KRÖFUR

4. Almenn merking

Eftirfarandi upplýsingar komi fram í merkingum vöruumbúða eða fylgi vörunni á annan hátt (t.d. í bæklingi):

- nafn og heimilisfang þess aðila sem ber ábyrgð á markaðssetningu,
- lýsing vörugerðar, þar sem meðal annars komi fram orðið „jarðvegsbætur“,
- ráðlögð geymsluskilyrði og ráðlagður síðasti notkunardagur, ásamt kenninúmeri framleiðslulotu,
- lýsing á tilætluðum notum vörunnar og notkunartakmörkunum. Tilgreina ber hvaða plöntuflokkum varan hentar (t.d. kalkfælum eða kalksæknum),
- helstu uppistöðuefni (þau sem eru yfir 10% miðað við rúmmál) sem varan er framleidd úr, þar sem greinarmunur er gerður á húsasorpi í föstu formi, garðyrkju- eða skógræktarúrgangi, úrgangi frá iðnaði og verslun þar sem fram komi atvinnugrein (t.d. matvælaframleiðsla, pappírsvinnsla, o.s.frv.),
- notkunarleiðbeiningar og í hvaða mæli er ráðlegt að nota vöruna, tilgreint í kílógrömmum eða lítrum á hvern fermetra lands á ári; hvað notkunarmagn varðar skal tekið tillit til þess hvort næringarefni eru í vörunni og þá hversu aðgengileg þau eru til að ekki sé farið yfir hámarksnæringarefnaálag á fermetra,
- magn N, P₂O₅ og K₂O,
- magn lífræns efnis,
- tafla eða skrá yfir styrkleikamörk fyrir þungmálmana sem um getur í þessum viðauka,
- leiðbeiningar um hvernig á að meðhöndla og nota vöruna á öruggan hátt.

5. Eiginleikar vörunnar

Afhenda ber allar vörur í föstu formi og þurrefni skal nema að minnsta kosti fjórðungi þyngdar og lífrænt efni að minnsta kosti fimmtungi (mælt sem glótap). Vörunar mega ekki koma í veg fyrir að plöntur komi upp eða vaxi síðar.

6. Heilsa og öryggi

Hámarks magn frumsjúkdómsvalda í vörum má ekki fara yfir það sem fram kemur í eftirfarandi töflu:

Ferskt efni	
<i>Salmonella</i> <i>E. coli</i>	Finnst ekki í 25 g < 1 000 MPN (*) /g

(*) MPN: most probable number (líklegasti fjöldi).

7. Annmarkar

Engin vara má valda viðvarandi óþef eftir að henni hefur verið blandað í jarðveg.

Engin vara má innihalda glerbrot, víragnir eða aðrar agnir úr málmum eða hörðu plasti sem kunna að skaða heilsu manna.

Engin vara má bera með sér í jarðveg óviðunandi magn af illgresisfræi eða plöntuhluta illgresis sem geta spírað og fjölgað sér kynlaust.

8. Prófunaraðferðir og greining

Prófunaraðferðir og greining skulu, að því er varðar þungmálma, vera í samræmi við ákvæði tilskipunar 86/278/EBE. Ef ekki eru fyrir hendi alþjóðlega viðurkenndar prófunaraðferðir fyrir eðlis- og örverufræðilega greiningu né aðrar kröfur í tengslum við jarðvegsbæta skulu aðildarríkin mæla fyrir um prófunaraðferð.

NEYTENDAUPPLÝSINGAR

Eftirfarandi upplýsingar skal birta á vöruumbúðum:

Þessi vara uppfyllir þær kröfur sem eru gerðar vegna umhverfismerkis ESB því að hún:

- stuðlar að því að draga úr jarðvegs- og vatnsmengun og úr sorpmagni með því að ýta undir notkun eða endurnotkun sorps.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR 2000/EES/46/18

nr. 45/1999
frá 26. mars 1999

um breytingu á bókun 4 við EES-samninginn
um upprunareglur

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bókun 4 við EES-samninginn var breytt með ákvörðun EES-nefndarinnar nr. 114/98 frá 27. nóvember 1998⁽¹⁾.

Nauðsynlegt að breyta skilgreiningu hugtaksins „upprunavörur“ til að tryggja starfsemi útvíkkaða kerfisins um uppsöfnun sem gerir kleift að nota efni sem eru upprunnin í Evrópubandalaginu, Póllandi, Ungverjalandi, Lýðveldinu Tékklandi, Lýðveldinu Slóvakíu, Búlgaríu, Rúmeníu, Lettlandi, Litháen, Eistlandi, Slóveníu, Evrópska efnahagssvæðinu (er nefnist hér á eftir „EES“) Íslandi, Noregi og Sviss.

Með hliðsjón af sérstöku samkomulagi um iðnaðarvöru milli Evrópubandalagsins og Tyrklands er einnig rétt að útvíkka kerfið um uppsöfnun þannig að það taki til vara sem eru upprunnar í Tyrklandi.

Til að auðvelda viðskipti og einfalda stjórnsýslu er æskilegt að breyta orðalagi 3. gr.

Til að taka mið af breytingum á vinnslutækni og skorti á tilteknu hráefni er rétt að gera ákveðnar leiðréttingar á skránni yfir kröfur um aðvinnslu efna, sem ekki teljast upprunnin, til að þau öðlist upprunaréttindi.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á bókun 4:

1. Í stað i-liðar 1. gr. komi:

„i) „virðisauki“ skal teljast vera verksmiðjuverð að

fráðregnu tollverði sérhvers efnis sem er hluti vöru og upprunnið er í hinum löndunum sem tilgreind eru í 3. og 4. gr. eða, ef tollverðið er ekki þekkt eða ekki verður sýnt fram á hvert það er, fyrsta verð sem sannanlega var greitt fyrir framleiðsluvörurnar á EES.“

2. Í stað 3. gr. komi:

„3. gr.

Uppsöfnun upprunaefna

1. Með fyrirvara um ákvæði 1. mgr. 2. gr. skulu framleiðsluvörur taldar upprunnar á EES ef slíkar framleiðsluvörur eru fengnar þar og innihalda efni sem upprunnin eru í Evrópubandalaginu, Búlgaríu, Póllandi, Ungverjalandi, Lýðveldinu Tékklandi, Lýðveldinu Slóvakíu, Rúmeníu, Litháen, Lettlandi, Eistlandi, Slóveníu, Íslandi, Noregi, Sviss (þ.m.t. Liechtenstein)⁽¹⁾ eða Tyrklandi⁽²⁾, í samræmi við ákvæði í bókunum um upprunareglur sem fylgja samningum á milli samningsaðila og þessara landa, að því tilskildu að sú aðvinnsla sem framkvæmd er á EES sé meiri en sú aðvinnsla sem fjallað er um í 6. gr. þessarar bókunar. Efnin þurfa ekki að hafa fengið nægilega aðvinnslu.

2. Sé aðvinnsla sem framkvæmd er á EES ekki meiri en aðgerðir sem lýst er í 6. gr., skal framleiðsluvaran einungis talin upprunnin á EES ef virðisaukinn þar er meiri en verðmæti þeirra efna sem notuð voru og upprunnin eru í einhverju hinna landanna sem tilgreind eru í 1. mgr. Að öðrum kosti skal framleiðsluvaran talin upprunnin í því landi þar sem verðmæti upprunaefna, sem notuð voru við framleiðslu á EES, voru mest.

3. Framleiðsluvörur sem upprunnar eru í einhverju þeirra landa sem tilgreind eru í 1. mgr. og ekki er framkvæmd nein aðvinnsla á EES, halda uppruna sínum við útflutning til einhvers þessara landa.

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 277, 28.10.1999, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 46, 28.10.1999, bls. 168.

4. Einungis má beita uppsöfnun uppruna samkvæmt þessari grein vegna efna og vara sem öðlast hafa uppruna við beitingu samsvarandi upprunareglna og er að finna í bókun þessari.

Samningsaðilar skulu útvega hver öðrum, fyrir milligöngu framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, efni samninganna og samsvarandi upprunareglur sem beitt er gagnvart öðrum löndum sem tilgreind eru í 1. mgr. Framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna skal birta í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* (C-deild) þá dagsetningu sem löndum, sem tilgreind eru í 1. mgr. og uppfyllt hafa nauðsynleg skilyrði, er heimilt að beita uppsöfnun samkvæmt þessari grein.

(¹) Furstadæmið Liechtenstein er í tollabandalagi með Sviss og er samningsaðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.

(²) Uppsöfnun uppruna sem heimiluð er í þessari grein nær ekki til efna sem upprunnin eru í Tyrklandi og tilgreind eru í skránni í VII. viðauka við þessa bókun.

3. Tilvísunin „C2/CP3“ í 25. gr. verður „CN22/CN23“.

4. Í skýringu nr. 5.2. í I. viðauka bætist „rafstraumsleiðandi þræðir“ á milli „gerviþræðir“ og „syntetískar stuttrefjar úr pólýprópýleni“.

5. Fimmta dæmið í skýringu nr. 5.2. í I. viðauka („Gólfteppi gert úr gervigarni... sé fullnægt“) fellur brott.

6. Eftirfarandi regla bætist við í II. viðauka á milli reglnanna fyrir vöruliði 2202 og 2208:

”

ST-númer (1)	Vörulýsing (2)	Aðvinnsla efna sem ekki teljast upprunaefni er veitir upprunaréttindi (3) eða (4)	
2207	Ómengað etýlalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál; etýlalkóhól og aðrir áfengir vökvar, mengað, að hvaða styrkleika sem er	Framleiðsla: - úr efnum sem flokkast ekki undir nr. 2207 eða nr. 2208 “	

“

7. Í II. viðauka skal regla fyrir 57. kafla verða sem hér segir:

57. kafli	Gólfteppi og aðrar gólfá-breiður úr textílefnunum: - Úr stungnum flóka - Úr öðrum flóka - Annað	Framleiðsla úr⁽²⁾: - náttúrulegum trefjum eða - kemískum efnum eða textílmassa Þó má nota: - pólýprópýlenþræði í nr. 5402, - pólýprópýlentrefjar í nr. 5503 eða 5506, eða - pólýprópýlenvöndulþræði í nr. 5501 sem að einingu til í öllum einþáttungum eða trefjum eru minna en 9 desítex, enda sé verðmæti þeirra ekki meira en 40% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar heimilt er að nota dúk úr jútu sem grunn Framleiðsla úr⁽¹⁾: - náttúrulegum trefjum hvorki kembdum né greiddum eða unnum á annan hátt undir spuna, eða - kemískum efnum eða textílmassa Framleiðsla úr⁽¹⁾: - garni úr kókostrefjum eða jútu,^(a) - syntetisku eða gerviþráðgarni, náttúrulegum trefjum, eða - tilbúnum stuttstrefjum, ekki kembdum, greiddum eða unnum á annan hátt undir spuna En heimilt er að nota dúk úr jútu sem grunn	
-----------	---	---	--

⁽²⁾ Sjá skýringu nr. 5 í inngangskaflanum um sérstakar reglur um framleiðsluvörur úr blönduðum efnum.

^(a) Heimilt er að nota garn úr jútu eftir 1.7.2000.“

8. Í II. viðauka skal regla fyrir vörulið 7006 verða sem hér segir:

7006	Gler úr nr. 7703, 7004 eða 7005, beygt, unnið á köntum, greipt, borað, gljábrennt eða unnið með öðrum hætti, en ekki innrammað eða lagt öðrum efnum: - glerplötuundirlag, húðað með þunnri torleiðifilmu á hálfleiðarastigi, í samræmi við SEMII stuðla⁽¹⁾ - Annað	Framleiðsla úr efni (undirlagi) í vörulið nr. 7006 Framleiðsla úr efnum í nr. 7001	
------	--	--	--

(¹) SEMII – Semiconductor Equipment and Materials Institute Incorporated. “;

9. Í II. viðauka skal regla fyrir vörulið 7601 verða sem hér segir:

7601	Óunnið ál	Framleiðsla þar sem: - öll efni sem notuð eru flokkast undir annan vörulið en framleiðslu-varan; og - verðmæti allra efna sem notuð eru er ekki meira en 50% af verksmiðjuverði framleiðsluvörunnar eða Framleiðsla með hita- eða rafmeðferð úr óblönduðu áli eða álúrgangi eða álrusli	
------	-----------	---	--

cc

10. Eftirfarandi bætist við á eftir VI. viðauka:

VII. viðauki

Listi yfir framleiðsluvörur sem upprunnar eru
í Tyrklandi sem ákvæði 3. gr.
ná ekki til, raðað eftir ST-köflum og vöruliðum

1. kafli	
2. kafli	
3. kafli	
0401 til 0402	
úr 0403-	Áfir, hleypt mjólk og rjómi, jógúrt, kefir og önnur gerjuð eða sýrð mjólk og rjómi, einnig kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni
0404 til 0410	
0504	
0511	
6. kafli	
0701 til 0709	
úr 0710-	Matjurtir, þó ekki sykurmaís í vörulið nr. 0710 40 00, (ósoðnar eða soðnar með gufu eða í vatni), frýstar:
úr 0711-	Matjurtir, þó ekki sykurmaís í vörulið nr. 0711 90 30, varðar skemmdum til bráðabirgða (t.d. með brennisteinstvildisgasi, saltlegi, brennisteinssýrlingi eða öðrum verndandi upplausnum), en óhæfar í því ástandi til manneldis:
0712 til 0714	
8. kafli	
úr 9. kafla -	Kaffi, te og krydd, þó ekki maté í vörulið nr. 0903
10. kafli	
11. kafli	
12. kafli	
úr 1302-	Pektín, pektínöt og pektöt
1501 til 1514	
úr 1515-	Önnur örökgjörn jurtafeiti og -olía (þó ekki jójóbaolía og þættir hennar), og þættir þeirra, einnig hreinsað en ekki efnafræðilega umbreytt
úr 1516-	Feiti eða oliur úr dýra- eða jurtaríkinu og þættir þeirra, hert að fullu eða að hluta, víxlesterað, enduresterað eða elaðínærað, einnig hreinsað en ekki frekar unnið, þó ekki vetnuð laxerolía sem nefnd er „ópalvax“
úr 1517 og	
úr 1518 -	Smjörliki, svínafeitilíki og önnur unnin matarfeiti
úr 1522-	Leifar sem falla til við meðferð á feitifefnum eða dýra- eða jurtavaxi, þó ekki degras
16. kafli	
1701	

úr 1702-	Annar sykur, þar með talinn kemískt hreinn laktósi, maltósi, glúkósi og frúktósi, í föstu formi; sykursíróp sem inniheldur hvorki bragðefni né litarefni; gervihunang, einnig blandað náttúrulegu hunangi; karamel, þó ekki það sem flokkast undir vöruliði 1702 11 00, 1702 30 51, 1702 30 59, 1702 50 00 og 1702 90 10.
1703	
1801 og 1802	
úr 1902-	Pasta, fyllt, sem inniheldur meira en 20% miðað við þyngd af fiski, krabbadýrum, lindýrum eða öðrum sjávar- eða vatnahryggleysingjum, pylsum o.þ.h. eða hvers kyns kjöti og hlutum af dýrum, þ.m.t. hvers kyns feiti
úr 2001-	Gúrkur og reitagúrkur, laukur, mangómauk, aldin Capsicumættarinnar þó ekki paprika eða allrahanda, sveppir og ólífur, unnið eða varið skemmdum með ediki eða ediksýru
2002 og 2003	
úr 2004-	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, frystar, þó ekki vörur í vörulið 2006, að undanskildum fin- eða grófmöluðum kartöflum og flögum af sykurmais
úr 2005-	Aðrar matjurtir, unnar eða varðar skemmdum á annan hátt en með ediki eða ediksýru, ófrystar, þó ekki vörur í vörulið 2006, að undanskildum vörum úr kartöflum eða sykurmais
2006 og 2007	
úr 2008-	Ávextir, hnetur og aðrir ætir plöntuhlutar, unnið eða varið skemmdum á annan hátt, einnig með viðbættum sykri eða öðru sætuefni eða áfengi, ót.a., þó ekki hnetusmjör, pálmakjarni, mais, kinverskar kartöflur, sætar kartöflur og áþekkir ætir plöntuhlutar sem innihalda 5% eða meira af sterkju miðað við þyngd, vínviðarlauf, humalspira og aðrir áþekkir ætir plöntuhlutar
2009	
úr 2106-	Sykur, síróp og melassi með bragðefnum og litarefnum
2204	
2206	
úr 2207-	Ómengið etýlalkóhól að alkóhólstyrkleika 80% eða meira miðað við rúmmál, sem unnið er úr landbúnaðarafurðum sem listaðar eru hér
úr 2208-	Ómengið etýlalkóhól að alkóhólstyrkleika minna en 80% miðað við rúmmál, sem unnið er úr landbúnaðarafurðum sem listaðar eru hér
2209	
23. kafli	
2401	
4501	
5301 og 5302 ^{cc} .	

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 1. janúar 1999, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 26. mars 1999.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

F. Barbaso

formaður.